



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hulduheimar 2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	7
3 Innra mat deildanna	16
3.1 Innra mat Kardemommubæjar	16
3.2 Innra mat Sjónarhóls	20
3.3 Innra mat Álfhóll	24
3.4 Innramat Sólskinsbær	28
4 Innra mat sérkennslu.....	33
5 Innra mat – fjöltyngd börn	36
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	38
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	40
8 Foreldrasamvinna.....	42
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	44
10 Fylgigögn.....	45
10.1 leikskóladagatal 2023- 2024	45
10.2 – Umsögn foreldraráðs.....	46



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós okkar í Hulduheimum eru orð Konfusiusar: „Segðu mér ég gleymi, sýndu mér ég man, leyfðu mér að reyna, ég skil“. Einkunnarorð okkar í leik og starfi eru Virðing –Gleði – Vinátta.

Virðing

- Við sýnum sjálfum okkur og öðrum virðingu með því að skiptast á að tala, við hlustum á aðra án þess að grípa fram í og bíðum eftir að röðin komi að okkur.
- Við biðjumst afsökunar þegar við meiðum, með orðum eða faðmlagi. Okkur líður vel þegar við erum beðin afsökunar og þegar við getum sjálf beðið afsökunar.
- Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar. Við göngum vel um bæði inni og úti. Við göngum frá eftir okkur, förum vel með hluti, flokkum og endurnýtum.

Gleði

- Við erum glöð þegar við getum bjargað okkur sjálf, þegar við fáum að prófa okkur áfram og uppgötva. Það gerum við með því að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín sem oftast með fjölbreyttum efniviði.
- Við erum glöð þegar við finnum að við getum og kunnum, og þegar við erum hvött til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.
- Við einblínum á núvitund, njótum augnabliksins og sköpum jákvætt andrúmsloft með gleði því gleðin er smitandi.

Vinátta

- Við sýnum vináttu með því að vera góð hvert við annað og erum hvött til að leyfa öllum að vera með.
- Við leikum okkur saman, hjálpumst að og skemmum ekki fyrir öðrum.
- Við lærum að virða tilfinningar annarra, við skiptumst á og berum virðingu fyrir hvort öðru.



1 Greinargerð leikskólastjóra

„Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild“. Þessi málsgrein úr Aðalnámskrá leikskóla endurspeglar daglegu starfi í Hulduheimum þar sem hver dagur tekur á móti með nýjum ánægjulegum ævintýrum og verkefnum, bæði fyrir börn og starfsfólk leikskólans. Leikefnið er fjölbreytt og efniviðurinn opinn og aðgengilegur þannig að börnin læri sem mest í sínum daglegu samskiptum bæði í leik og í starfi.

Haustið byrjaði vel hjá okkur í Hulduheimum og aðlögun í húsið gekk vel á öllum deildum og hér vinnur gott og metnaðarfullt starfsfólk þar sem stöðugleiki starfsmanna eykst.

Veturinn var frekar kaldur og veðurviðvaranir í öllum regnbogans litum gengu yfir landið en við í Hulduheimum létum þær ekki á okkur fá enda útivera orðin ein af okkar helsta leikskólabrag og var því bara klætt sig eftir aðstæðum og útiveran höfð styttri fyrir vikið ef til þess þurfti.

Við í Hulduheimum fundum hversu gott það var að stíga skref aftur á bak og horfa enn frekar í það hvert okkur langar að stefna sem ein heild og var ákveðið að horfa til þess að starfa í anda Reggio Emilia.

Í maí síðastliðnum fór starfsmannahópurinn í námsferð til Brighton þar sem við sóttum Yoga og mindfulness námskeið fyrir börn og okkur sjálf. Einnig fórum við einn dag á sveitabúgarð þar sem við fengum fyrirlestur um Reggio Emilia og tókum þátt í sköpun úti í náttúrunni umvafin trjám og náttúruhljóðum. Þetta var einstaklega vel heppnuð og skemmtileg ferð sem gerði mikið fyrir hópinn, þjappaði okkur enn frekar saman og munum við taka margt með okkur inn í starfsemi okkar hér í Hulduheimum. Þar sem við höfum ákveðið að megináhersla okkar í Hulduheimum skólaárið 2023-2024 sé að vinna í anda Reggio Emilia fannst okkur mikilvægt að fá slíka fræðslu. Þeir starfsmenn sem ekki fóru með í ferðina fóru í vettvangsheimsóknir hér heima, Laufskálar og Dalskóli tóku vel á móti þeim og kynntu starfsemi sína. Þessar heimsóknir heppnuðust líkt og námsferðin einkar vel.

Í vor fékk leikskólinn boð um að vera þátttakendur í þróunarverkefni og rannsókn með Austurmiðstöð ásamt leikskólanum Hömrum og nemum frá Háskóla Reykjavíkur um að innleiða Náttúrulega kennslu og mun sú verkefnavinna halda áfram inn í næsta skólaár sem við tókum að sjálfsögðu fagnandi.

Náttúruleg kennsla lýsir sér best sem félagsfærni og tjáning kennd í „náttúrulegu“ umhverfi þar sem leitast er til náttúrulegrar umbunar. Ávallt er fylgt frumkvæði barnsins og grípum við þau tækifæri sem gefast ásamt því að lesa vel í hegðun barna. Náttúruleg kennsla snýst um það hvað við ætlumst til af barninu og að við viljum kenna því færni til bættrar hegðunar eða hjálpa því til að ná markmiði sínu á jákvæðan hátt. Haft er í huga að barnið sjálft stýrir þó ferðinni og þannig lesum við í hegðun barnsins. Barnið er ávallt nálgast með það í huga á hvaða þroskastigi það er statt.

Okkur finnst þessi stefna geta fléttast vel inn í okkar starf í Hulduheimum og ætlum því að leggja áherslu á að vinna í anda Reggio Emilia með áherslu á náttúrulega kennslu á komandi skólaári.

Í vetur voru elstu börn leikskólans ásamt starfsfólki í samstarfi við Grasagarð Reykjavíkur eins og áður þar sem þau gróðursettu túlipana um haustið og vitjuðu þeirra að vori ásamt því að fá reglulega sendan tölvupóst með myndum af gangi mála þannig að hægt væri að fylgjast vel með.

Í ár var elstu börnum Hulduheima boðið að taka þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar sem fór fram dagana 18. – 23. apríl. Hátíðin stóð yfir um alla borg og bauð upp á stórar og smáar sýningar



og viðburði sem unnir voru fyrir börn eða með börnum. Börnin okkar í Hulduheimum sýndu verkin sín ásamt þrem öðrum leikskólum úr Grafarvogi í Bókasafninu í Spönginni. Að þessu sinni var sérstök áhersla á viðburði sem tengdust friði í Grafarvogi.

Danskennsla var hjá okkur í nóvember og desember sem lauk með stórglæsilegri danssýningu tveim elstu árganga leikskólans fyrir aðstandendum sínum. Ljósmyndir og myndbönd voru tekin af öllum börnum Hulduheima meðan danskennslan stóð yfir.

Á liðnu skólaári var lögð áhersla á sjálfseflingu og sköpun barna í bland við alla aðra þætti menntastefnunnar. Börnin skammta sér matinn til að mynda sjálf í matartímum, elstu börnin í matsal og yngri við borð, sem mun leiða til minnkunar á matarsóun um leið og það eflir sjálfeflingu barnanna.

Starfsmannakönnunin kom ágætlega út, en eins og fyrri ár þá erum við ekki að ná viðunandi þátttöku.

Breytingar urðu í starfsmannahaldi í vetur, frá byrjun maí var ég ráðin sem leikskólastjóri Hulduheima eftir að hafa leyst leikskólastjóra af í veikindaleyfi undanfarið og er ég full tilhlökkunar til að takast á við nýtt hlutverk, verkefni og ævintýri. Starf aðstoðarleikskólastjóra er eins og stendur í ráðningarferli. Í dag starfar metnaðarfullur og áhugasamur hópur í Hulduheimum og þurfum við ekki að ráða marga nýja starfsmenn þar sem allir halda áfram sem voru þetta skólaár og tel ég það vera okkar bestu meðmæli. Við þurfum þó að bæta við fólki í okkar hóp þar sem fjölgað hefur í sérkennslu.

Mig langar að þakka starfsmönnum, foreldrum og okkar frábæru nemendum fyrir frábært samstarf.

Inga Birna Sigurðardóttir leikskólastjóri Hulduheima



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun	Könnun send á alla starfsmenn leikskólans í tölvupósti. Minnt á að svara könnun á facebook síðu starfsmanna.	Starfsmenn. Frekar dræm þátttaka 12 sem svöruðu af 25.	Í heildina þá er leikskólinn að koma ágætlega út úr könnuninni þó hún hafi ekki verið marktæk vegna dræmrar þátttöku. Leikskólastjóri ætlar að bjóðast til að leysa starfsmann af svo hann geti farið fram til að svara könnun.
Starfsþróunarsamtöl	Með opnum spurningum í starfsþróunarviðtölum.	Leikskólastjóri tók viðtöl við deildarstjóra og sérkennslustjóra og aðra starfsmenn sem hafa starfað síðasta skólaár. Deildarstjórar tóku örsamtal við deildarstarfsmenn. Sérkennslustjóri tók örsamtal við starfsfólk sérkennslunnar.	Almennt er líðan góð innan starfsmannahópsins og starfsandinn góður. Rætt var um að námsferðin hefði þjappað hópnum saman. Deildarstjórar eru ánægðir með að fá að taka undirbúning eftir hádegi, það býður upp á sveigjanleika í starfi og óska eftir að svo verði áfram. Rætt var um að vinna í þemu reyndist vel og er tilhlökkun um að halda því vinnufyrirkomulagi áfram. Starfsfólk talaði um að samvinna milli deilda mætti vera betri og meiri, að horfa til þess að við séum einn leikskóli sem vinnur saman sem ein heild. Einnig var talað um að mikilvægt væri að deildarfundir myndu standast og hliðra til ef þess þarf svo þeir héldust vikulega. Mikilvægt sé að allir starfsmenn leikskólans sækja námskeið í náttúrulegri kennslu og einnig að fá fræðslu frá Austur-miðstöð inn í leikskólann. Starfsmaður talaði um að jákvæðni smitar út frá sér meira en neikvæðni. Horft er björtum augum til komandi skólaárs.
Innra mat barnanna	Börnin á Sjónarhóli og Kardemommubæ tóku þátt í að meta starf vetrarins með broskarlakerfi, þrír möguleikar og ef þau völdu annað en	Börnin tóku þátt í mati í Barnþingi og í frjálsum leik. Þau voru spurð eitt og eitt og merktu við á viðeigandi matsblaði. Eftirfarandi spurningar voru lagðar fram: Hvernig finnst þér í	Elstu og næst elstu börn leikskólans tóku þátt í mati vetrarins: Söngstund: (sameiginleg) Þar sem hver deild býður hinum deildunum í söngstund á föstudagsmorgnum kl. 9:15.



	<p>broskarl þá var skrifað undir hvað barnið sagði: Það sem metið var þetta skólaár var: Söngstund, samverustund, matsalur og útivera</p>	<p>söngstund? Hvernig finnst þér í samverustund? Hvernig finnst þér í matsalnum? Hvernig finnst þér í útiveru?</p>	<p>Samkvæmt börnunum bæði fæddum 2016 og 2017 fannst þeim flestum gaman í þeim stundum. Þrem stúlkum af elstu deild leikskólans fannst söngstundir vera frekar erfiðar. „Einni finnst erfitt að sitja svona lengi, ein sem nennir ekki að syngja svona mikið og einni sem finnst sum lög bara svo erfitt að syngja“.</p> <p>Samverustundir: Í elsta árgangi leikskólans (2017) voru all mörg börn sem finnst erfitt eða mjög erfitt í samverustund. Helsta ástæða þess væri sú að: „allt of mikil læti, þurfa að bíða svo hrikalega lengi, er erfitt að sitja svona lengi, erfitt að hlusta lengi, erfitt að hlusta, erfitt að hlusta þegar verið er að lesa, þegar það eru læti, þegar allir eru að tala“. Í næst elsta árgangi leikskólans (2018) voru flestir sem finnst samverustundin skemmtileg þó voru þrjú börn sem finnst hún mjög erfið/leiðinleg og ástæða þess væri sú að: „erfitt að hlusta, mjög leiðinleg, ég þoli bara ekki samverustund“.</p> <p>Matsalur: Almennt eru báðir árgangar, 2018 og 2017 ánægðir með matsalinn. Í elsta árgangi voru þrjú sem gerðu athugasemdir sem eru þessar: „Einni stúlku finnst grænmetið ekki gott, einum dreng finnst of mikill hávaði, einn er ánægður þegar það er ekki læti en óánægður og það er alveg oft þegar það er mikil læti“. Börnin sem eru fædd árið 2018 finnst mjög gaman í matsalnum fyrir utan tveimur stelpum sem finnst frekar erfitt í matsalnum annarri finnst maturinn bara vera vondur og hinni finnst bara vera erfitt í matsalnum.</p> <p>Útivera: Almennt finnst börnunum mjög gaman í útiveru, enda útivera stór þáttur í leikskólabrag okkar í Hulduheimum. Þó voru tvö börn í 2017 árgangi sem fannst frekar</p>
--	---	--	--



			erfitt í útiveru og ástæða þess er sú að það er allt of kalt og líka leiðinlegt þegar allir eru að öskra.
Barnþing	Elstu börn leikskólans	Fyrir áramót náðist að halda reglulega fundi með elstu börnum leikskólans og aðstoðarleikskólastjóra. Eftir áramót náðist því miður ekki að halda fundi sem skildi en þrátt fyrir það fengu börnin að hafa áhrif á leikskólastarfið. Elstu börn leikskólans fengu að kjósa um hvort að jólaballið yrði haldið innandyra eða úti. Einnig hvort að útskrift þeirra yrði haldin inni í leikskólanum eða úti á leikskólalóðinni.	Það kom fyrir að börn úr elsta árgangi leikskólans spyrðu hvort hægt væri að hafa bangsadag, ósk um kaup á efnivið eða leikfangadag og að sjálfsögðu fengu þau óskir sínar uppfylltar og voru slíkir dagar auglýstir út frá ósk frá þeim. Barnþing fer af stað aftur í haust og mun elsti árgangur leikskólans taka þátt og næst elsti árgangur kemur inn eftir áramót. Jólaball: 21 barn af 22 kom inn til aðstoðarleikskólastjóra og gaf sitt atkvæði hvort að jólaballið ætti að vera úti á leikskólalóðinni eða innandyra. 14 vildu að jólaballið yrði utandyra á móti sjö sem vildu hafa það inni. Það var síðan frostharkan og beiðni frá jólasveinunum sem olli því að jólaballið var haldið inni og var vel útskýrt fyrir barnahópnum. Útskrift: Það var einróma innan barnahópsins að halda útskriftina sjálfa utandyra sem var gert þann 11. maí sem tókst einkar vel og voru það stolt börn sem tóku við viðurkenningu og rós frá leikskólastjóra og deildarstjóra fyrir framan stolta foreldra, starfsfólk og aðra gesti.
Matsteymi – fá foreldri með í teymið.	Með ósk um þátttöku.	Aðstoðarleikskólastjóri óskaði eftir aðila/aðilum til að taka þátt í matsteymi Hulduheima.	Eftir að hafa verið þátttakandi í þróunarverkefni með Austurmiðstöð var sett markmið um að fá foreldri með í matsteymi leikskólans. Það markmið náðist og fengum við eitt foreldri með í matsteymið sem mun vinna með okkur næsta skólaár.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Foreldrakönnun	Könnun sent með tölvupósti á foreldra barna í Hulduheimum	Annað foreldri hvers barns í Hulduheimum	

Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

Þar sem þátttaka í starfsmannakönnun hefur ekki verið nægileg undanfarin ár þá verður unnið markvisst með að ná þátttökunni þannig að hún verði marktæk.

Teymisvinna veður endurvakin næsta skólaár og mun verða sett á laggirnar fjögur, jafnvel fleiri, teymi sem hittast mánaðarlega og fara yfir stöðuna hverju sinni. Gerðar verða fundargerðir og settar upp áætlanir. Í Hulduheimum er verið að leggja lokahönd á læsisáætlun sem verður unnið út frá og mun læsisteymi leikskólans vinna áætlun sem verður unnið markvisst eftir. Aðalverkefni þess teymis er að leiða vinnu með læsi með áherslu á nýjar leiðir til að efla hæfni til að geta lesið, skilið, túlkað og unnið með ritmál, orð, tölur, myndir og tákni.

Notast var við Blæ sem er forvarnarverkefni Barnaheilla um vináttu auk annarra verkefna. Í fyrsta þemu nýs skólaárs verður tekin fyrir vináttu ásamt haustinu. Unnið verður svo allt skólaárið með Blæ sem hefur náð að festa sig í starfi leikskólans.

Leikskólinn Hulduheimar hefur starfað í anda Reggio Emilia undanfarin ár og höfum við tekið eftir að við erum ekki alveg að starfa í rétta átt miðað við hvað stefnan segir til um. Því var mjög áhugavert, lærdómsrík, fróðlegt og skemmtilegt að fá tækifæri til að fara í námsferð til Brighton vorið 2023 og bæta ofan á þá þekkingu sem starfsfólk leikskólans hafði sankað að sér um Reggio Emilia. Í kjölfarið var tekin sú ákvörðun innan stjórnendateymi leikskólans að halda áfram að vinna í anda Reggio Emilia með áherslu á náttúrulega kennslu. Við ætlum að stíga skref aftur á bak og einblína á stefnuna eina og sér og taka út skipulagðar stundir, t.d. í Leikur að læra og vinna frekar með þemu yfir skólaárið þar sem áhersla verður lögð á sköpun. Unnið verður með opinn efnivið, frjáls leikur barna fær aukið vægi innan leikskólans, vettvangsferðir verða farnar í nærumhverfi leikskólans og unnin verkefni út frá þeim. Haldið verður áfram að vinna með Barn vikunnar þar sem Lubbi kemur við sögu út frá læsisáætlun leikskólans.

Í vor fengum við þann heiður að fá að vera þátttakendur í þróunarverkefni ásamt rannsókn með Austur-miðstöð og leikskólanum Hömrum og einnig nemum frá Háskóla Reykjavíkur um náttúrulega kennslu og mun sú verkefnavinna halda áfram fram í næsta skólaár. Það er ósk okkar að sú vinna skili sér í að starfsfólk tileinki sér að vinna eftir Náttúrulegri kennslu þegar taka þarf á til að mynda óæskilegri hegðun.

Barnaþing verður sett aftur á stað eftir að hafa ekki náð að haldast markvisst eftir áramót.

Mánaðarmatsblöð er verkfæri sem yrði notað inni á deildarfundum þannig að umræða geti myndast meðal starfsmannahópsins innan deildarinnar um daglegt starf sem fer fram innan leikskólans.



Jafnframt auðvelda slík matsblöð við gerð starfsáætlunar. Á matsblöðunum myndi koma fram að verið sé að meta hvernig gengur t.d. að vinna í anda Reggio Emilia, hvernig ganga samverustundir, hvernig ganga sameiginlegar söngstundir, Hvernig gengur þemavinna, Hvernig gengur að innleiða Náttúrulega kennslu og aðrir þættir sem viðkoma starfi leikskólans.

Út frá mati barnanna þarf að endurskoða samverustundir barnanna, hvernig við getum haft þær stundir þannig að hún hafi réttan tilgang og að börnunum finnist hún skemmtileg.

Niðurstöður úr foreldrakönnun 2023, þar var send ein könnun fyrir hvert barn og hún kom vel út fyrir leikskólann. Sendar voru út 55 kannanir og það voru 39 sem svöruðu, það gerir 70,9% svarhlutfall sem telst vera nokkuð gott. Við komum vel út úr öllum þáttum könnunarinnar, „barninu líður vel í leikskólanum, telur barnið mitt vera öruggt, vingjarnlegt andrúmsloft, skólanum er vel stjórnað“.

Þeir þættir sem við ætlum að vinna enn frekar með út frá könnuninni eru: að kynna betur stefnu leikskólans fyrir foreldrum. Efla alla starfsmenn leikskólans í að taka vel á móti hverju barni og kveðja í lok dags, óháð því hvaða deild barnið er á og styðjast við TMT (tákn með tali). Virkja Völuna enn frekar, setja upplýsingar um daglegt starf okkar og setja inn myndir.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Starfsmannakönnun	Að 70% þátttaka starfsmanna verði í svörun.	Leikskólastjóri leysir starfsmann af til að fara inn í undirbúningsherbergi til að svara könnuninni.	Leikskólastjóri	Um leið og könnun verður opinber	Þegar niðurstöður kannanirnar hefur verið birtar.	Merkja við þegar leikskólastjóri hefur leyst starfsmann af til að fara og svara könnuninni.	Að sjá að könnunin er markviss og þátttaka hafi verið 70% eða meira.
Teymisvinna	Að starfsfólk vinni saman í teyllum. Læsis-teymi (Lubbi, TMT). teymi (Græn skref). Opinn efniviður (Reggio, Þemavinna). Matsteymi (leikskólastjóri, 1 deildarstjóri og foreldri).	Að starfsmannahópurinn velur sér þau teymi þar sem áhuginn liggur.	Leikskólastjóri	september	Út skólaárið	Á teymisfundum er í upphafi farið yfir fundagerð síðasta fundar.	Að teymin hittist einu sinni í mánuði og nái að gera áætlanir sem unnið er eftir í daglegu starfi leikskólans.
Uppeldis- og menntastarf							
Reggio Emilia	Stíga skref afturábak og horfa til þess að leikskólinn starfi í anda Reggio Emilia	Að starfsfólk tileinki sér hugmyndafræði i Reggio Emilia og vinni eftir því. Að starfsfólk sé meðvitað og horfi til	Allt starfsfólk leikskólans	Septem ber 2023	Út skólaárið	Á mánaðarmatsblöðum, deildarfundum og stjórnendafundum.	Umhverfið verði í anda Reggio Emilia (flokkað, opinn efniviður, aðgengi-

		leikefniviðs inni á deildum.					legur efniviður).
Náttúruleg kennsla	Innleiða náttúrulega kennslu inn í skólastarfið.	Að starfsfólk tileinki sér hugmyndafræði í Náttúrulegra kennslu og vinni eftir. Allir starfsmenn sækja námskeið í Náttúrulegri kennslu.	Leikskóla- stjóri og allir starfsmenn	Allt skóla- árið	Allt skóla- árið	Reglulega á deildarfundum og stjórnendafundum.	Að starfsfólk tileinki sér að vinna eftir Náttúrulegri kennslu þegar taka þarf á óæskilegri hegðun.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Barnaþing	Að börn geti haft áhrif, með hliðsjón af Barnasátt mála sameinuðu þjóðanna.	Barnaþing einu sinni í mánuði, 5-6 börn í hóp. Fyrir áramót eru það elstu börn leikskólans sem taka þátt í Barnaþingi og eftir áramót bætast næst elstu börn leikskólans við. Börnin svara fyrir fram ákveðnum opnum spurningum. Unnið verður út frá svörum barnanna. Börnin komi sjálf með umræðuþátt sem unnið verður markvisst með.	Deildar- stjórar og stjórnandi barnaþings.	Sept 2023	Mái 2024	Endurmetið í lok hvers barnaþings.	Að börn fái tækifæri til að hafa áhrif með hliðsjón af Barnasátt mála sameinuðu þjóðanna.
Þemavinna	Að unnin eru ákveðin þemaverk efni tvö á haustönn og tvö á vorönn.	Hver deild sér um að útfæra sína þemavinnu út frá þema sem hefur verið valið.	Deildar- stjórar.	Sept 2023	Mái 2024	Á deildarfundum og stjórnendafundum.	Að sjá glöð og stolt börn ásamt stoltu starfsfólki eftir þemavinnuna.
Innra mat							



Mánaðar matsblöð	Að deildar noti mánaðar-matsblöð sem verkfæri til að opna umræður á deildarfundum. Umræður um hvernig starf innan deildar gengur, hvað þarf að gera betur, hvað krefst einhverrar breytinga og þess háttar.	Að starfsfólk fari yfir og fylli inn í mánaðarmatsblöð á deildarfundum út frá starfi deildarinnar.	Deildarstjórar og leikskólastjóri.	Allt skólaárið	Allt skólaárið	Á deildarfundum og stjórnendafundum.	Að allt starfsfólk innan deildar leikskólans komi að endurmati deildarinnar. Starfsfólk deilda eflist og samvinna eykst þegar allir vinna vel saman.
Ytra mat							
Kynna betur stefnu leikskólans fyrir foreldrum	Að foreldrar verði upplýstir hver stefna leikskólans er.	Foreldrar fá kynningu á stefnu leikskólans að hausti og reglulega yfir skólaárið hvernig við erum að vinna í anda Reggio Emilia.	Leikskólastjóri og deildarstjórar.	Sept. 2023	Allt skólaárið	Á stjórnendafundum.	Að deildarstjórar setji inn í kynningu fyrir foreldra að hausti stefnu leikskólans, Reggio Emilia. Einnig í fréttapósti reglulega um hvernig við erum að starfa í anda Reggio Emilia í þema vinnu hvers tíma.
Efla starfsmenn í að taka vel á	Að foreldrar finni fyrir	Ítrekum við starfsfólk að við tökum vel á	Allt starfsfólk leikskól-	Allt skólaárið	Allt skólaárið	Á deildarfundum og	Að öll börn leikskól-



móti hverju barni og kveðja í lok dags	að allir starfsmenn leikskólans láti sig hvert barn varða óháð deildum.	móti hverju barni daglega og kveðjum með TMT táknum í lok hvers dags.	ans			stjórnendafundum	ans finni að þau skipti máli og foreldrar finni að öll börn tilheyri Hulduheimum.
Virkja Völuna enn frekar	Að vikulega séu settar inn upplýsingar í Völuna um daglegt starf leikskólans ásamt myndum úr starfi okkar. Helstu viðburðir, tilkynningar og matseðill vikunnar settur einnig inn.	Einn starfsmaður tekur að sér frá hverri deild að halda utan um og setja inn í Völuna.	Deildarstjórar og stjórnendateymi leikskólans.	Allt skólaárið	Allt skólaárið	Mánaðarmatsblöð, deildarfundir og stjórnendafundir.	Að foreldrar séu vel upplýstir um hvað við erum að gera í okkar daglega starfi.



3 Innra mat deildanna

3.1 Innra mat Kardemommubæjar

Skólaárið 2022 – 2023 voru á Kardemommubæ 20 – 22 börn fædd árið 2018, fjögur þeirra voru annað árið sitt á deildinni. Flest barnanna komu frá Sólskinsbæ en líka frá öðrum leikskólum. Frá hausti og fram að áramótum voru börnin 22 en fækkaði í 20 börn eftir áramót.

Unnin var námsáætlun fyrir hvern mánuð út frá skólanámsskrá, starfsáætlun og skóladagatali. Í dagskipulagi var hugað að því að jafnvægi væri á milli skipulagðra stunda og frjálsa leiksins. Við tókum þá ákvörðun að hafa „Leikur að læra“ einu sinni í viku og gekk það vel og börnin voru áhugasöm og virk. Unnið var með fyrsta stafinn í nafni barnanna og með vorinu unnum við líka með fyrsta stafinn í nöfnum foreldra þeirra. Einnig var unnið með rím, afstöðuhugtök og tölustafi.

Um miðjan nóvember og fram til 12. janúar gerðum við hlé á hópastarfi og lögðum áherslu á leikinn og undirbúning fyrir jólin. Í nóvember hófst dansnámskeið fyrir börnin sem lauk með sýningu fyrir foreldra um miðjan desember. Á starfsárinu fórum við í nokkrar sögustundir í bókasafninu Spönginni, eina ferð í Norræna húsið, tvær ferðir í Árbæjarsafn og tvö námskeið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Vetrarstarfi lauk um miðjan maí og sumarstarf hófst m.a. með aukinni útiveru, gönguferðum um nágrennið og nokkrum strætóferðum á áhugaverða staði. Einnig má nefna föstudagsfjör, 17. júníhátíð og snúðaskokk.

Endurmat umbótaþátta 2022 – 2023

Sköpun: Þegar gátlista um sköpun í leikskóla var svarað kom í ljós að við erum að standa okkur ágætlega. Á skólaárinu 2022 - 2023 höfðu börnin aðgang að fjölbreyttum opnum efnivið og gátu náð í viðbótarefni s.s. bíla, dúkkur, dýr, dósir og fleira ef þau vildu. Unnið var með þema s.s. vináttu, fjöruna, þorrann, tröll, krumma, ljós og skugga, jólin og húsdýrin. Unnið var með hvert þema á fjölbreyttan hátt s.s. rætt um viðfangsefnið við börnin, farið í vettvangsferðir, sungið, lesnar og skoðaðar bækur og börnin hvött til að teikna, mála, sauma og koma hugmyndum sínum á framfæri á myndrænan hátt. Fyrir jólin voru börnin spurð einslega hvað þau vildu gefa foreldrum sínum í jólagjöf og hvaða efnivið þau vildu nota. Síðan voru þau aðstoðuð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd.

Það sem við getum gert betur er að starfsmenn noti oftari spurningar í samskipum við börnin og hvetji þau þannig til að tjá sig um það sem þau eru að gera. Við þurfum að leggja meiri áherslu á ferlið í skapandi starfi og að börnin fái tækifæri til að tjá sig á fjölbreyttan hátt.

Styrkleikar: Börnin áhugasöm og virk.

Tækifæri til umbóta: Að vinna meira í anda Reggio Emilia. Minna skipulagt starf og meiri sköpun í leik og starfi. Ákveðið hefur verið að allur leikskólinn vinni með sama þema og fram að áramótum verði tekið fyrir vinátta, haust og jólin. Jafnframt ætlum við að vera opin fyrir hugmyndum barnanna og sjá hvert þær leiða okkur. Unnið verður með hvert þema á fjölbreyttan hátt og börnin hvött til að kanna fjölbreyttan efnivið og skapa á eigin forsendum s.s. í leik, myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu. Starfsmenn verði til staðar fyrir börnin, noti opnar spurningar og hvetji þau til sjálfstæðis.



Frjálsi leikurinn/opinn efniviður: Þegar gátlista um félagsfærni í leikskóla var svarað kom í ljós að margt er vel gert. Endurskoða þarf hvaða efniviður er á deildinni og kannski var of mikið um skipulagt starf. Auk þess þurfa reglur deildarinnar og leikskólans að vera skýrari og við þurfum að ræða oft um tilfinningar.

Í haust var unnið dagskipulag fyrir deildina og gert ráð fyrir að leikur barna fengi að njóta sín. Jafnframt var gert ráð fyrir skipulögðum stundum þar sem starfsmenn stjórnðu s.s. leikur að læra, samverustundum og fleira. Börnin höfðu nokkuð gott aðgengi að opum efnivið og viðbótarefni til að ná í. Auðgaði það leikinn og börnin virtust njóta þess að leika sér og voru lengur í leiknum. Starfsfólk lagði sig fram um að skipta út leikefni eða taka inn á deildina nýjan efnivið til að efla námstækifærin. Eftir áramót settum við upp valtöflu þar sem börnin völdu sér efnivið til að kanna, gera tilraunir og sjá afrakstur vinnu sinnar. Börnin höfðu áhrif á hvaða efniviður var í boði og gátu skipt um leikefni eftir áhuga s.s. farið úr því að byggja úr einingakubbum og leikið með dúkku og búninga. Síðan að teikna eða annað sem vakti áhuga þeirra. Starfsmenn voru til staðar en þurftu stundum að fylgjast með of mörgum börnum og þá gafst ekki eins mikill tími til að leiðbeina börnunum og hvetja eins og við vildum. Þegar líða tók að vori sáum við að börnin undu sér ekki eins vel í leik og áður, þau skiptu oft um leikefni í stað þess að gleyma sér í leik. Við hættum því með valið og breyttum skipulagi deildarinnar, fækkuðum leikföngum og gerðum einingakubbana aðgengilegri. Hafði það jákvæð áhrif á leik barnanna inni en á sama tíma jókst útivera þeirra.

Námsefnið um vináttuna var unnið í þemastarfi í stuttum tímabilum yfir árið. Blær, bangsinn var aðgengilegur börnunum og við nýtum námsefnið í daglegu starfi. Við teljum að við ættum að ræða oft um tilfinningar og þema um vináttuna mætti vera í lengri tíma en eina viku í senn.

Styrkleikar: Opinn efniviður er orðinn aðgengilegri á deildinni og í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta: Að nýta vel leiksvæðin inni og úti til fjölbreyttra námstækifæra. Starfsmenn ígrundi hvernig þeir geti skapað börnunum umhverfi sem höfða til áhuga þeirra, hvernig þeir geti hvatt þau til að rannsaka, finna lausnir og nota ímyndunarafli sitt til að skapa og tjá sig. Mikilvægt er að starfsmaður/starfsmenn séu til staðar fyrir börnin, ræði við þau, aðstoði, hvetji og leiðbeini um viðeigandi samskipti. Í september ætlum við að skipta börnunum í hópa og að einn starfsmaður verði með hverjum hóp. Hóparnir hafa mismunandi svæði til umræða t.d. í hlutverkaleik með dúkkum og búningum/leiklist, byggingasvæði, listasvæði, holukubba og/eða spilasvæði. Einnig ætlum við að nýta leikskólagarðinn og önnur svæði í nágrenni leikskólans. Svæðin inni verði reglulega endurskoðuð með áhuga barnanna og námstækifærum í huga. Auk þess þurfa reglur deildarinnar og leikskólans að vera skýrari og við þurfum að ræða oft um tilfinningar.

Skráningar: Starfsmenn hafa aukið færni sína að gera myndrænar skráningar. Þeir fylgdust með börnunum í leik og voru til staðar fyrir börnin. Oft var það þó þannig að of mörg börn voru með hverjum starfsmanni og lítill tími til að skrá eins og gert er ráð fyrir í Reggio Emilia starfi. Í daglegu starfi og á deildafundum ræddu starfsmenn um líðan barnanna hvað þau höfðu áhuga á, hvað þau vita, geta og skilja og leitað var leiða til að efla og styrkja hvert barn í samstarfi við foreldra. Ekki tókst að hengja upp skráningar fyrir foreldra eins og áætlað var en þess í stað voru skráningar af vettvangsferðum sendar foreldrum og aðrar skráningar voru aðgengilegar fyrir foreldra og börn í möppu barnsins.

Styrkleikar: Að starfsmenn fylgdust með börnunum og töluðu saman með það að leiðaljósi að efla og styrkja hvert barn.



Tækifæri til umbóta: Að starfsmenn æfi sig að nota opnar spurningar í starfi með börnunum og haldi áfram að æfa sig í að gera skráningar.

Málörvun: Í skipulagi deildarinnar var gert ráð fyrir að málörvun ætti sér stað daglega í samtölum, lestri bóka, söng, Barni vikunnar, Leikur að læra stundum, gönguferðum, spilstundum, þema og fleira. Nokkuð vel gekk að fylgja þessu eftir en alltaf má gera betur. Fylgst var með málþroska barnanna í daglegu starfi og gerð TRAS skráning hjá hverju barni. TRAS gefur vísbendingar um hvar barnið er stadd í málþroska á ákveðnum tímamarki og hvernig málþroski þess þróast. Ef um frávík var að ræða hjá barni í einhverjum þætti málþroskans var gerð áætlun um markvissar aðgerðir sem unnið var eftir eins og hægt var. TRAS skráningin var kynnt fyrir foreldrum og þeir hvattir til að hafa frávíkin í huga í samskipum við barnið. Auk þess var Hljóm-2 skimunarprófið kynnt og foreldrar hvattir til að tileinka sér og nota leiðir sem þar eru nefndar til að vinna að því að efla málþroska barnsins. Gott samstarf var við sérkennslustjóra og tilvísanir um málþroskamát sent til talmeinafræðings ef þess var þörf. Tvítyngdu börnin fengu markvissa málörvun hjá starfsmanni leikskólans eftir áramót.



Styrkleikar: Að ná að gera TRAS skráningu fyrir hvert barn og að setja flesta þætti þess inn í daglegt starf á deildinni.

Tækifæri til umbóta: Að allir starfsmenn tileinki sér að nota „Gefðu 10“. Spil verði meira nýtt til málörvunar og skipulagðar verði reglulegar stundir með einu til tveimur börnum sem þurfa að ná betra valdi á íslensku tungumáli. Um er að ræða samræðulestur þ.e. að lesa, staldra við og ræða efni bókarinnar við barnið/börnin. Jafnframt að skipta börnunum í tvo hópa þegar bækur eru lesnar og skrá heiti þeirra á blöð ásamt dagsetningu. Með daglegum lestri ætti að verða til langur bókaormur sem skreytir deildina og minnir okkur á mikilvægi lesturs.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sköpun í anda Reggio Emilia	Að börnin fái tækifæri til að kanna fjölbreyttan efnivið og skapa á eigin forsendum s.s. í leik, myndlist, tónlist,	Að starfsmenn verði til staðar fyrir börnin, hvetji þau til að leita lausna og efla sjálfstæði	Allir starfsmenn.	Sept. 2023	Mái 2024	Umræða á deildarfundum.	Gátlisti um sköpun í leikskóla.



	dansi og leikrænni tjáningu.	þeirra. Starfsmenn æfi sig að spyrja börnin opinna spurninga. Unnið með þema á fjölbreyttan hátt.					
Leikur/opinn efniviður	Að börnin njóti sín í leik og eigi jákvæð og uppbyggileg samskipti.	Að gefa börnunum tækifæri til að vera í fjölbreyttu umhverfi sem vekur áhuga þeirra. Starfsmenn séu til staðar fyrir börnin, hvetji þau og leiðbeini um jákvæð samskipti. Starfsmenn ræða við börnin í litlum hópum um tilfinningar og jákvæð samskipti. Skráð hvað er rætt, hvenær og hvernig gekk.	Allir starfsmenn	Sept. 2023	Mái 2024	Umræður á deildarfundum um markmið og leiðir. Svæði í leikskólanum endurskoðuð með áhuga barnanna og fjölbreytt námstækifæri í huga.	Gátlisti um félagsfærni.
Málörvun	Að vinna markvissara með mál og læsi.	Fjölbreytt málörvun s.s. gefðu 10, söng- og spilastundir, lesið og rætt um efni bókar með einu til tveimur börnum og lesa fyrir barnahópin n í tveimur hópum. Skrá þær bækur sem lesnar	Allir starfsmenn	Sept. 2023	Mái 2024	Skrá málörvunarstundir og meta árangur á deildarfundum.	Gátlisti um læsi í leikskóla.



		eru og bókaormur búinn til.					
Tákn með tali	Að börn og allt starfsfólk noti „Tákn með tali“ í daglegu starfi. Að allt starfsfólk á deildinni fari á TMT námskeið.	Gera áætlun um það hvað tákn við ætlum að leggja inn vikulega og æfa okkur og nota þau ásamt þeim táknum sem við erum búin að læra.	Deildarstjóri og allir deildarstarfsmenn	Ágúst 2023	Mái 2024 Námskeið: þegar boðið er upp á það.	Fara yfir áætlun og það sem búið er að gera á hverjum deildarfundum.	Áætlun og matsblöð. Höfum við náð markmiðinu.

3.2 Innra mat Sjónarhóls

Skólaárið 2022-2023 voru á Sjónarhóli 22 börn fædd árið 2017. Eitt barn var annað árið sitt á deildinni, 17 börn komu frá Kardemommubæ og 4 börn komu ný inn í leikskólann. Aðlögun gekk vel hjá flestum.

Unnin var námsáætlun fyrir hvern mánuð út frá skólanámsskrá, starfsáætlun og skóladagatali. Í dagskipulagi var hugað vel að því að jafnvægi væri á milli skipulagðra stunda og frjálsa leiksins. Við tókum þá ákvörðun að hafa „Leikur að læra“ aðra hverja viku þegar við værum með afnot af opnu svæði í húsinu og gafst það vel. Það var lögð áhersla á verkefni sem tengjast hljóðkerfisvitund og ýmsum verkefnum sem tengjast því að fara yfir á annað skólastig s.s. hugtök, stafir, hljóð, tölur o.fl.

Það var farið í margar ferðir m.a. Árbæjarsafn, Norræna húsið, Þjóðminjasafnið, Ásmundasafn, Náttúruminjasafnið, Grasagarðinn, Borgarleikhúsið, Bíó Paradís, Hörpu o.fl. Í ferðum okkar erum við að kynna borginni, helstu kennileitum hennar, söfnum og skemmtilegum stöðum. Með þessum ferðum erum við að efla sjálfstæði barnsins og einnig eru þau að læra að ferðast í strætisvagni og fara eftir reglum sem eru í gildi þegar farið er í ferðir.

Um miðjan nóvember og fram til 12. janúar gerðum við hlé á hópastarfi og lögðum áherslu á leikinn og undirbúning fyrir jólin. Vetrarstarfi lauk um miðjan maí og sumarstarf hófst.

Vel gekk að fylgja eftir dagskipulagi á deildinni en við höfum þurft að gera breytingar á því þegar við höfum verið í ferðum því þá dettur niður skipulagt starf fyrir hádegi.

Leikskólinn hefur allt frá upphafi lagt áherslu á metnaðarfullt samstarf við grunnskóla hverfisins. Gerð var áætlun fyrir veturinn með starfsmönnum grunnskólans og höfum við farið í heimsóknir mánaðarlega í allan vetur. Nemendur í 5. bekk eru skólavinir skólahópsins og taka þeir alltaf vel á móti börnunum og eru með þeim í frímínútum. Skólavinirnir hafa líka komið í heimsókn til okkar í leikskólann t.d. komu þau og lásu fyrir okkur á degi íslenskrar tungu. Í vor fengum við svo að



heimsækja frístundaheimilið Hvergiland í þrjú skipti og var það mjög gaman og börnin ánægð með það.

„Lubbi og málbeinið“ var með lestrarátak í tvær vikur í vetur og fengu börnin heim með sér ljósrituð bein þar sem þau skrifuðu á það hvaða bók var lesin fyrir þau heima. Þau komu svo með beinin í leikskólann og gáfu Lubba það var gaman að sjá hvað börnin voru áhugasöm og dugleg að koma með bein fyrir Lubba. Í lok vikunnar voru beinin talin og Lubbi kom í heimsókn á allar deildar og þakkaði fyrir sig.

Blær er alltaf til staðar fyrir börnin og unnum við með vináttuverkefni í sérstökum vináttu vikunum sem voru þrjár í vetur.

Í sumar er lögð áhersla á að njóta útiverunnar og fara í gönguferðir um nágrennið og líka farið í lengri ferðir. Á föstudögum eru fjölbreyttari tilboð leikefnis í garðinum en aðra daga. Áhersla er lögð á þessar síðustu vikur hjá elstu börnunum að efla sjálfstæði þeirra enn frekar, styrkja tengslin og víkka út sjóndeildarhring þeirra.



Endurmat á umbótaáætlun 2022-2023

Sköpun: Börnin sköpuðu daglega með leikefni, perlum, ritföngum, pappír, vefnaði og því sem þau voru með í höndunum inni og úti. Starfsmenn og börn voru dugleg að ná í efnivið úr listakróknum til að skapa tækifæri til að nýta það sem listakrókurinn hefur að geyma. Listakrókur leikskólans er staðsettur fyrir framan yngri deildirnar og er þar að finna fjölbreyttan efnivið til sköpunar.

Fjölbreytt verkefni voru unnin í myndsköpun, unnin voru þemaverkefni s.s. búin til steinatröll og tröllaland, himingeimurinn tekinn fyrir en börnin gerðu geimskutlur, geimverur og plánetur. Þau fengu að ákveða jólagjöfina sem þau gerðu fyrir foreldra sína sjálf og hvaða efnivið þau myndu nota. Börnin tóku einnig þátt í listasýningu sem var á vegum Barnamenningarhátíðar og var sýning á verkum þeirra í Borgarbókasafninu í Spönginni. Verkin voru byggð á leiðangri barnanna í nærumhverfi sínu þar sem þau könnuðu umhverfi sitt út frá því hvar og hvernig þau upplifðu frið og síðan máttu þau skapa listaverk út frá sinni upplifun og áhuga. Listaverkin voru mjög fjölbreytt og gaman að sjá hvar áhugasvið barnanna var.

Í hlutverkaleik bjuggu börnin til hlutverk og söguþráð sem var þeirra sköpunarverk.

Unnið var með leikræna tjáningu á tímabili í vetur og voru þá búnir til leikþættir. Það voru alltaf sömu börnin sem vildu taka þátt í því og fengu þau bara að njóta þess. Það varð lítið úr sköpun varðandi tónlist og hljóðfæragerð og það þurfum við að bæta.

Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm og kraftmikil í sköpun hvert á sinn hátt og fengu allir að njóta sín í sköpuninni.

Tækifæri til umbóta: Að gera listakrók aðgengilegri fyrir börnin að sækja sér efnivið. Að starfsfólk ígrundi hvernig það geti stuðlað að fjölbreyttum tækifærum til að börnin geti skapað á sínum forsendum og hafa fjölbreyttan efnivið í boði. Hvetja börnin áfram og leiðbeina þeim án þess að stjórna því sem þau eru að gera. Ræða við þau um viðfangsefnið og hvað þau gætu hugsanlega gert í framhaldinu.



Það gæti verið markvissara að hafa hljóðfæra- og tónlistagerð og leikræna tjáningu í hópavinnu þannig að við gætum einbeitt okkur betur að því og reyna þá að hvetja öll börnin til að taka þátt í því.

Frjálsi leikurinn/opinn efniviður: Frjálsi leikurinn fékk gott rými og tíma í dagskipulaginu og höfðu börnin gott aðgengi að opum efnivið og viðbótarefni til að ná í. Það gerði leikinn meira spennandi og börnin virtust njóta þess að leika sér. Einnig var leikefni skipt út og bætt inn í til að efla námstækifærin. Einingakubbar, sem í byrjun var lítill áhugi fyrir, urðu að áhugaverðu leikefni þegar kubbarirnir voru færðir til á leiksvæðinu og léku börnin sér með þá á ýmsa vegu. Þróaðist leikurinn á margvíslegan hátt með öðrum efniviði sem var í boði, t.d. með dýrum, köllum, bílum, hólkum, dósum og kúlum.

Ef börnin báðu um ákveðið leikefni þá reyndum við að verða að óskum þeirra og fá lánað á öðrum deildum eða ná í það í leikfangasafnið.

Notuð var valtafla þar sem boðið var upp á leikefni og ákveðinn fjöldi barna á hverju svæði. Börnin fengu að færa sig til eftir því sem pláss var á hverju svæði en þau þurftu alltaf að ganga frá eftir sig áður en þau færðu sig. Þetta gafst vel og munum við halda áfram með valtöflu í frjálsa leikum.

Styrkleikar: Gott rými og tími í dagskipulaginu.

Tækifæri til umbóta: Hafa valið þannig að börnin velja svæði til að vera á og einn starfsmaður sé á hverju svæði. Þá ætti að vera auðveldi að vera til staðar fyrir börnin, ræða við þau, aðstoða, hvetja og leiðbeina um viðeigandi samskipti. Svæðin eru t.d. hlutverkaleikur með dúkkum og búningum/leiklist, bygginga-, lista-, holukubba- og spilasvæði. Hafa fjölbreyttan efnivið á hverju svæði sem skipt er út reglulega sem auðgar leik barnanna og hvetur þau til sköpunar. Svæðin verði reglulega endurskoðuð með áhuga barnanna og fjölbreytt námstækifæri í huga. Einnig verði valsvæðin skipulögð út frá þemavinnu hverju sinni.

Málörvun: Við notuðum „Gefðu tíu aðferðina“ og gáfum okkur góðan tíma til að tala við þau börn sem þurftu sérstaklega á málörvun að halda. Ýmiss spil voru líka mikið notuð í málörvun, t.d. Alias og Guess what. Hljóm – 2 verkefni voru unnin markvisst fyrri hluta vetrar og lögð áhersla á að þau börn sem þurftu sérstaklega á því að halda fengju meiri tíma en önnur. Lögð var áhersla á tvítyngd börn og fengu þau líka sér tíma hjá stuðningskennara í viðbót við annað. Þar sem starfsmaður á deildinni sá um sérstakar málörvunarstundir fyrir tvítyngd börn þá var hann með einstaklingsnámskrá sem unnið var eftir.

Styrkleikar: Þegar unnið er markvisst með málörvun þá finnum við strax framfarir hjá börnunum.

Tækifæri til umbóta: Það er alltaf hægt að gera betur en þetta fyrirkomulag gafst vel og munum við halda áfram að vinna svipað og við höfum verið að gera.

Læsi/hljóðkerfisvitund: Unnið var með stafina og tölur. Lögð var áhersla á upphafsstafi barnanna og unnið með staf og hljóð í tengslum við „barn vikunnar“. Á sama tíma var unnið með þá stafi og hljóð í „Leikur að læra“. Verkefni tengd Hljóm – 2, sem eru spil og leikir, voru unnin markvisst þannig að öll börnin fóru reglulega í stund í litlum hópum. Daglega voru lesnar bækur í samverustundum, rætt um innihald bókanna og ný orð tekin og rædd. Börnin fengu tækifæri til að tjá sig og segja frá.

Styrkleikar: Vel gekk að vinna með stafina og hljóðin. Börnin voru í flestum tilfellum áhugasöm og mörg dugleg að æfa sig í að hljóða sig í gegnum orð og æfa sig að skrifa þau.

Tækifæri til umbóta: Hægt væri að velja oftar bækur til að lesa í samverustund sem tengjast þeim þemum sem unnið er með hverju sinni og efla þannig enn frekar orðforða sem tengist þemunum.



Merkingar á deild, stafir og tölustafir: Settar voru merkingar á hluti, húsgögn og annað inni á deild. Það voru sett upp spjöldin með bókstöfunum og Lubba-táknum, upphafsstafir barnanna hengdir upp og tölustafir frá 1-20. Börnin notuðu mikið bók- og tölustafina og við bentum þeim á stafina og sögðum þeim hljóðin þegar þau voru að skrifa þannig að þau lærðu stafinn og hljóðið í leiðinni.

Styrkleikar: Þegar búið var að setja upp allar merkingar, stafi og tölur var gaman að hvað börnin voru duglega að spyrja og nota stafi og tölur.

Tækifæri til umbóta: Þetta verður haft áfram með þessu sniði því það er nauðsynlegt að hafa bók- og tölustafi sýnilega fyrir börnin og hvetja þau til að nota það.

Tákn með tali: Byrjað var að nota TMT strax í haust. Gerð var áætlun um hvað ætti að taka fyrir hverju sinni. Við bættum við nýjum orðum og æfðum það sem við vorum búin að læra. Það voru mörg lög sungin með táknum og voru börnin áhugasöm og fljót að læra. Um áramót voru börn og starfsfólk deildarinnar búin að fá sitt tákn og flest börnin kunnu tákn allra barnanna. Börnin sungu sex lög í kveðjustundinni sem öll voru að einhverju leiti með TMT.

Styrkleikar: Börn og kennarar voru orðin nokkuð góð í að nota TMT og mundu eftir því að nota það.

Tækifæri til umbóta: Gera markvissari áætlun um það sem á að kenna og reyna að halda áætlun. Gera TMT sýnilegra fyrir foreldrum t.d. að þau læri eitt tákn á viku sem við getum sett upp á töflu og börnin eru þá að læra táknið á sama tíma. Senda alla starfsmenn deildarinnar/leikskólans á TMT – námskeið til þess að gera þá öruggari í notkun TMT.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR SJÓNARHÓLL 2023-2024	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð- ir?	Viðmið um árang- ur
Sköpun:	Að börnin fái næg tækifæri til að kanna fjölbreyttan efnivið, njóta hans, virkja ímyndunaraflíð og skapa á eigin forsendum. Leggja áherslu á leikræna tjáningu og tónlist.	Hafa fjölbreyttan efnivið aðgengilegan fyrir börnin og virða sjálfstæði þeirra til sköpunar. Hafa í vali hópastarf þar sem börnin geti valið leikræna tjáningu eða tónlist.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Sep. 2023	Maí 2024	Umræður á deildarfundum. Farið yfir skráningar hvort það séu ekki allir að taka þátt og hvort einhverjir séu alltaf fastir í því sama.	Matslistar þar sem hægt er að sjá hvernig börnin taka þátt.



Frjálsi leikurinn/opinn efniviður:	Að skipuleggja leiksvæðið þannig að boðið sé upp á margskonar námstækifæri . Að börnin geti í vali, valið sér viðfangsefni og efnivið sem þau hafa áhuga á.	Hafa mismunandi framboð í vali fyrir börnin ásamt því að vera með leikefni sem þau geta fundið sér viðfangsefni og skapað sinn eigin leik. Leikefnið á að vera þannig að það vekji áhuga barnanna til að rannsaka, skapa og finna lausnir.	Deildarstjóri og aðrir deildarstarfsmenn.	Sept. 2023	Mái 2024	Umræður á deildarfundum. Farið yfir skráningar og sjá hvort það séu ekki allir að taka þátt og hvort einhverjir séu alltaf fastir í því sama.	Matsblöð. Gera skráningar hvar börnin velja sér svæði. Og hve lengi þau eru á svæðinu og hvernig leika þau sér.
Útinám	Að hvert barn fari í útinám/vettvangsferðir tvisvar í mánuði.	Gerð áætlun um hvað eigi að vinna með í hverjum mánuði en unnið út frá áhugasviði barnanna hverju sinni.	Deildarstjóri	Sept 2023	Mái 2024	Gerðar skráningar úr útinámsferðum og hengdar upp fyrir börn, foreldra og annað starfsfólk.	Farið yfir áætlun og skráningar.
Tákn með tali	Að börn og allt starfsfólk geti notað „Tákn með tali“ í daglegu starfi. Að allt starfsfólk á deildinni fari á TMT námskeið.	Gera áætlun um það hvað við leggjum áherslu á að læra í hverri viku og æfa og nota þau tákn sem á að læra og þau tákn sem við erum búnin að læra.	Deildarstjóri og allir deildarstarfsmenn	Ágúst 2023	Mái 2024 Námskeið: þegar boðið er upp á það.	Fara yfir áætlun og það sem búið er að gera á hverjum deildarfundum.	Áætlun og matsblöð. Höfum við náð markmiðinu.

3.3 Innra mat Álfhóll

Fimmtán börn voru á deildinni í vetur, sex fædd 2019, fimm fædd 2020 og fjögur 2021. Þrátt fyrir breitt aldurs bil og þroska þá gekk þetta nokkuð vel, betur en við þorðum að vona. Við lögðum áherslu á að einstaklingurinn fengi að njóta sín í leik og starf. Það gerðum við meðal annars með því að skipta þeim í hópá þar sem kennari var með þeim eða hafði góða yfirsýn. Skipting barnanna var ekki endilega miðuð við aldur þeirra. Farið var eftir áhugasviði þeirra, hvað var verið að gera eða leggja áherslu á hverju sinni. Ef verið var að leggja áherslu á félagsfærni þá var t.d. gott að hafa eldra barn með yngri barni.

Þá vorum við dugleg að nýta svæðið fyrir framan yngri deildar bæði fyrir sköpun og leik. Buðum börnunum í verkefnavinnu ýmist einu í einu eða í litlum hópum, tók það mið af aldri þeirra, þroska og hvað verið var að gera hverju sinni.

Starfsfólk var vel meðvitað um að börnin fengju verkefni og leikefni sem væru krefjandi og hæfðu aldri þeirra og þroska. Efnivið var reglulega skipt út og var áhugasvið barnanna haft til hliðsjónar. Þá



voru reglulega gerðar breytingar á uppröðun húsmuna á deildinni sem var þá gjarnan hvati að nýjum leikjum og áskorunum fyrir börnin.

Í mars fórum við að finna meira fyrir því hve aldursbilið var mikið. Elstu börnin fóru að yfirgnæfa þessi yngstu þegar ekki var möguleiki á að skipta þeim í þrjá hópa. Þau voru fljót að taka þann efnivið sem ætlaður var yngstu börnunum. Okkar mat er að ef hægt er að komast hjá því að hafa þrjá aldurshópa á deild þá er það æskilegt. Þrír aldurshópar kalla alltaf á erfiðleika þegar undirmönnun er vegna fjarveru.

Við höfum dagskipulag og áætlanir til viðmiðunnar í starfi okkar með börnunum. En eins og gengur í leikskólastarfi og þá sérstaklega með yngstu börnin þá er töluvert um veikindi. Því erum við orðnar sérfræðingar í að bregða út af því sem búið er að ákveða og aðlaga okkar vinnu með börnunum að því hver staðan er þann daginn. Við erum vel meðvituð um það sem við erum að gera með hverju barni og reynum í flestum tilfellum að bæta barni upp ef það missir úr vegna veikinda. Þá færum við börn milli hópa þegar þannig ber við og reynum að gera það besta úr því sem við höfum hverju sinni.

Endurmat umbótaþátta veturinn 2022-2023 Álfhóll

Leikur að læra:

Farið var í skipulagðar stundir í febrúar, börnunum skipt í 4-6 barna hópa. Lögð var áhersla á liti og fjölda, sett var upp þrautabraut sem börnin þurftu að fylgja til að leysa ákveðin verkefni. Börnin æfðu sig í að bíða þar til röðin kæmi að þeim, hlusta og fara að fyrirmælum kennara. Útfærsla hverju sinni tók mið af þroska barnahópsins. Teknar voru myndir og ætlunin var að gera skráningar fyrir hvert barn en því miður mistókust flestar myndirnar. Gerðum eina hópskráningu sem sýndir ferlið vel.

Styrkleikar: Börn á þriðja ári ráða vel við þetta lærdómsform, sýna mikinn áhuga, hjálpast að og læra af hvort öðru. Þeim finnst gaman að takast á við nýjar áskoranir, prófa eitthvað nýtt.

Tækifæri til umbóta: Nýta þetta leikjaform til að kenna börnunum að flokka, para, hugtök og fleira.

Sköpun: Sköpun var stór þáttur í starfi barnanna í vetur. Sköpun fólst m.a. í að mála, lita, byggja með kubbum, leira, leika með verðlausan efnivið og fleira. Lögð var áhersla á fjölbreyttan efnivið sem bauð upp á fleiri en einn möguleika. Sköpun var oft árstíðubundin, sem dæmi þá tókum við inn snjó, settum vatn og snjó í sitt hvorn balann, skeljar, köngla, spýtur, málningu og penslar fóru einnig á borðið. Börnin fengu svo góðan tíma til að skapa með þessum fjölbreytta efnivið.

Styrkleikar. Börnin verða sjálfstæðari í allri sinni vinnu og betur í stakk búin til að takast á við eitthvað sem þau þekkja ekki fyrir og prófa eitthvað nýtt. Það að börnin vinni með fjölbreyttan efnivið eykur ímyndunarafli þeirra, sjálfstraust, þau tala meira saman, skiptast á og leysa sjálf málin með jákvæðum samskiptum.

Tækifæri til umbóta: Taka myndir af öllum verkum barnanna og gera sýnileg foreldrum. Alltaf að leggja áherslu á að börnin geri sjálf, fái val um efnivið, t.d. setja nokkra liti á borð þegar þau mála jólatré, ekki bara „grænan“ lit.



Frjálsi leikurinn - opinn efniviður:

Börnin hafa leikið sér mikið með opinn efnivið, hvort sem það eru kubbar, dósir, lok, perlufestar, hólkar inn á deild og í matsalnum. Eftir áramót tókum við inn einingakubba og lögðum áherslu á að börnin fengju góðan tíma í 2-4 barna hópum.

Leikurinn fékk góðan tíma á hverjum degi. Við lögðum áherslu á að brjóta ekki upp leik barnanna til að fara að gera eitthvað annað.

Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm, dugleg að prófa sig áfram, kanna möguleika sem þessi efniviður hefur upp á að bjóða. Einingakubbarnir vöktu ánægju og ýttu undir sköpunar- og tjáningarpörf barnanna. Frjáls leikur og opinn efniviður ýtir undir tjáningu, sjálfstraust, einstaklingsnám og samvinnu.

Tækifæri til umbóta: Vera dugleg að nýta okkur umhverfið sem þriðja kennarann og skipta út efnivið.

Athugunarlistar „náttúruleg kennsla“: Deildarstjóri nýtti sér listana þegar þörf var á sem var ekki oft sem og einn annar starfsmaður.

Styrkleikar: Góð leið fyrir starfsfólk til að ræða um börn, nýttist vel við að skilgreina það sem þarf að vinna með.

Tækifæri til umbóta: Nýta listana meira þegar þörf er á, ætti að verða auðveldara næsta vetur þar sem þrír starfsmenn á deildinni hafa farið á námskeið.

Skráningar: Þeir starfsmenn sem voru hjá okkur síðasta vetur héldu áfram að gera skráningar og eru að verða öruggari með það sem þeir gera. Við hefðum viljað hafa tækifæri til að gera skráningarnar jafnt og þétt en það tókst því miður ekki.

Styrkleikar: Starfsfólk horfir með öðrum augum á hvað börnin eru að gera, hvernig þau uppgötva, hvernig þau læra og hvar áhugasvið þeirra liggur. Upplifun og reynsla barnanna er fest á mynd og gerð skráning.

Tækifæri til umbóta: Að starfsfólk haldi áfram að auka þekkingu sína við gerð skráninga, fari m.a. að skrifa texta við skráningar þegar það á við. Vera duglegri að gera skráningar jafn óðum.

Málörvun: Málörvun fór fram í skipulögðum stundum eins og í flæðilestri, einstaklingsþjálfun og samverustundum. Í öllu okkar starfi er málörvun í hávegum höfð, erum dugleg að tala og hlusta á börnin, leggja orð á alla hluti í öllum stundum dagsins. Börnin hafa aðgang að bókum og er starfsfólk duglegt að lesa með þeim. Farið var í sögustundir á bókasafnið sem gekk mjög vel. Hefðum viljað fara oftari en það er ekki auðvelt að fá tíma.

Styrkleikar: Við þau nánu samskipti sem skapast milli barnanna og starfsmanns í daglegu starfi þá verður kennari meðvitaðri um málfarslega stöðu barnanna. Traust barns eykst þegar það finnur að á það er hlustað og talað er við það (og því svarað), barnið leitar þar af leiðandi meira til kennara.

Tækifæri til umbóta: Að fleiri beri ábyrgð á skipulögðum málörvunarstundum eins og flæðilestri sem deildarstjóri sér um að skipuleggja. Hver starfsmaður sé með eina viku í einu.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR Álfhóll 2023- 2024	Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt?	Aðgerðir til umbóta Hvernig framkvæmum við það?	Ábyrgð Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Deildarfundir	Að fundir séu einu sinni í viku, stuttir, hnitmiðaðir ca. 30 mín.	Báðar deildar með fund, annar kl: 10:00 hinn kl:12:30	Deildarstjórar	Sept 2023	Ágúst 2024	Deildarstjóri og starfsmenn meta deildarfundir tvisvar yfir skólaárið. Skoða hvað gengur vel og hvað mætti betur fara.	Starfsánægja og hvernig gengur að fara eftir því sem ákveðið er á deildarfundum.
Samverustundir	Ávallt tvískipt samverustund að morgni.	Tveir starfsmenn ábyrgir eina viku í einu og tveir til aðstoðar.	Starfsmaður sem á að sjá um stundina og deildarstjóri. Farið eftir áætlun sem deildarstjóri hefur gert.	Sept 2023	Ágúst 2024	Deildarstarfsmenn meta á deildarfundum. Taka saman hvað gengur vel og hvað mætti betur fara.	Áhugi og framfarir barnanna á samverustundum
Sköpun	Að börnin fái tækifæri til að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.	Skipta börnunum í litla hópa. Skapa örvandi aðstæður, nýta tækifæri sem upp koma og áhuga barnanna hverju sinni. Muna að sköpun er margskonar.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Sept 2023	Ágúst 2024	Umræða og skráning á deildarfundum. Skráningar.	Matstæki, „Gátlisti fyrir leikskóla“ og umræða á deildarfundum.
Að nýta umhverfið sem þriðja kennarann	Dugleg að skipta út/bæta við efnivið. Skapa áhugaverð leikrými innan deildarinnar.	Erum vakandi fyrir áhuga og þörfum barnanna/deildarinnar. Skiptum út efnivið, að hann sé aðgengilegur og sköpunum fjölbreyttar leikaðstæður.	Deildarstjóri ber ábyrgð og hann og deildarstarfsmenn framkvæma	Sept 2023	Ágúst 2024	Metið á deildarfundum. Skráningar.	Skráningar, skoðaðar á deildarfundum
Frjálsi leikurinn – opinn efniviður	Að leikurinn fái aukinn tíma í dagskipulagi, barnið fái tækifæri til	Að leikur barnanna sé ekki brotinn upp, skapa umhverfi þar sem börnin	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Sept 2023	Maí 2024	Ljósmyndaskráningar. Umræða á deildarfundum.	Bera saman skráningar frá haustönn og vorönn. Fylla inn í



	að læra og efla sjálfstæði og félagsfærni í gegnum leikinn.	geta leikið í litlum hópum án truflunar, starfsmaður sé á gólfinu, leiðbeini og aðstoði börnin að komast í og auðga leikinn. Fjölbreyttur efniviður.					„Gátlisti fyrir leikskóla“ félagsfærni þáttinn.
Skráningar	Halda áfram að virkja starfsfólk í að gera skráningar. Það auki færni sína.	Deildarstjóri leiðbeini og starfsmenn aðstoði hvern annan. Fylgjast með börnunum í leik og starfi, grípa dýrmæt augnablik.	Starfsfólk og deildarstjóri.	Sept 2023	Ágúst 2024	Starfsfólk skoði og beri saman skráningar sem það hefur gert, nýjar/eldri. Velji sér skráningu til að kynna á deildarfundum, 1-2 yfir skólaárið. Starfsmaður geri skráningu að eigin frumkvæði.	Hver og einn starfsmaður skrái hjá sér hvernig honum gekk og hvað mætti betur fara, hvað er hægt að gera til að betri árangur náist.
Flæðilestur	Fylgjast með málproska hvers barns.	Nýta okkur „Hæfnisrammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla“. Fyrir þriggja ára og eldri. Skipulagðar málörvunarstundir	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Sept 2023	Mai 2024	Förum yfir lista og skoðum hvort framfarir hafa orðið.	Skráum hjá okkur hvernig okkur finnst listarnir nýtast fyrir þennan aldur.

3.4 Innramat Sólskinsbær

Það voru tuttugu börn á Sólskinsbæ skólaárið 2022 – 2023. Þar af voru sjö börn fædd 2018 og þrettán fædd 2019. Þessar tölur áttu síðan eftir að breytast þegar leið á skólaárið og þegar leið á vorið samanstóð barnahópurinn af fjórum börnum fædd árið 2018, 12 fædd 2019, tvö fædd árið 2020 og eitt barn fætt 2021.

Á haust önn voru börnunum skipt í þrjá hópa. Hver og einn hópur fór síðan einu sinni í viku í skipulagða tónlistartíma, útikennslu og síðan sköpun. Það gekk mjög vel og voru börnin mjög ánægð. Þrátt fyrir að vera með fasta tíma fékk frjálsi leikurinn einnig að njóta sín. Útivera er búin að vera mjög mikil á Sólskinsbæ og létum við veðrið ekki stoppa okkur. Þau klæddu sig bara eftir veðri og



nutu þess að upplifa snjó, regn og sól. Á vorönn var minna um skipulagðar stundir þar sem við töldum að börnin væru orðin öruggari í leikskólanum og væru komin á það stig að geta notið þess enn meira að vera í frjálsum leik. Við vorum dugleg að skipta þeim í smærri hópa þannig að þau gætu notið leikskins betur. Á þriðjudögum var Sólskinsbær með aðgang að holukubba svæðinu á leikskólanum og vorum við dugleg að nýta okkur það. Börnin fengu þá tækifæri til að leika sér með efnivið sem þau eru ekki von að hafa inn á deild.

Eins og oft er í leikskólastarfi eru gerðar áætlanir og plön en leikskólinn er eins og lífvera, sífellt að þróast og þroskast. Þess vegna tókum við oft bara hvern dag fyrir sig og fundum út hvað best væri að gera hverju sinni.

Endurmat umbótaþátta veturinn 2022-2023 Sólskinsbæ

Barn vikunnar: Á föstudögum skiptust börnin að fara með Lubba heim. Þá var skráð niður hvað barnið og Lubbi brölluðu. Vikunni á eftir hafði barnið vissu hlutverki að gegna, láta lesa upp hvað var gert heima, leggja á borðið o.fl.

Styrkleikar: Öll börnin fengu Lubba með sér heim a.m.k. einu sinni. Börnin voru glöð og spennt að lenda í ævintýrum með Lubba.

Úrbætur: Gera enn meira úr hlutverkunum þeirra og öllu því sem fylgir að vera barn vikunnar.

Málörvun: Frekar mörg börn á deildinni þurftu á málörvun að halda. Það var því reynt að samtvinnna hana inn í daglegt starf. Með því t.d. að setja orð á athafnir, sjónrænt skipulag og lestrar stundir.

Styrkleikar: Það gekk vel að setja orð á athafnir, sérstaklega í fataklefanum. Einnig voru tekin góðir sprettir í lestri en oft var það dagformið á börnunum sem réði hvort mikið væri lesið hverju sinni.

Tækifæri til umbóta: Vera með markvissari lestarstundir þar sem farið væri betur í hverja sögu fyrir sig. Spyrja meira úr sögunum sem lesnar eru og í leiðinni að auka skilning. Jafnframt að vera með málörvunar stundir þar sem þau börn sem þyrftu á aðstoðinni að halda fengju þá þjálfun.



Sköpun: Börnin voru mjög dugleg í sköpun þetta skólaárið. Þau fengu að notast við fjölbreyttan efnivið.

Styrkleikar: Börnin ákváðu hvað þau vildi gefa foreldrum sínum í jólagjöf og úr hvaða efniviði. Það var mikil lukka hjá foreldrum og út frá því var ákveðið að endurtaka leikinn næstu jól. Allir starfmenn hafa verið virkir þátttakendur með börnunum að skapa. Þeir sem voru feimnir í byrjun tóku af skarið og skemmtu sér við að sjá hvernig börnin sjá heiminn.

Tækifæri til umbóta: Vera meira með listsköpun úti og á öðrum stöðum. Ekki einblína á listakrök. Jafnframt að vera með opinn huga þegar börnin mála, það þarf ekki alltaf að notast við pensla. Muna að stýra börnunum ekki of mikið þegar þau eru að skapa.

Frjáls leikur: Við vildum að leikurinn væri gegnum gangandi í starfinu á deildinni. Með því fá börnin tækifæri til að þroskast og læra t.d. hvernig er að vera í stórum hópi. Þannig fá þau einnig tækifæri til að auka orðaforða og skapa.

Styrkleikar: Okkur gekk vel að leyfa leiknum að njóta sín, vorum ekki að einblína allt of mikið á klukkuna og tókum stöðuna á hópnum hverju sinni.



Tækifæri til umbóta: Það sem helst er að hindra okkur með frjálsa leikinn er pláss leysi til að láta byggingar og leikföng standa. Það vantar líka fjölbreyttari efnivið.

Útikennsla: Markmið útikennslunnar var að gera börnin meðvituð um nærumhverfi sitt þannig að þau verði örugg við að fara í ferðir. Einnig hvöttum við þau til að reyna á mátt sinn með því að leyfa þeim að leika sér í mismunandi umhverfi. Þar má nefna fjöruna, þúfur og brekkur.

Styrkleikar: Fyrir áramót voru börnin einu sinni í viku í útikennslu. Þá fóru þau í ferðir umhverfis leikskólann. Þau voru mjög mótækileg fyrir öllu því sem lagt var fyrir þau. Einnig sáum við miklar framfarir í þreki og úthaldi barnanna. Þau voru mun mótækilegri fyrir lengri ferðum og fannst einnig gaman að fara út þegar enn var dimmt. Starfsfólkið var mjög spennt fyrir útikennslunni og lögðust í rannsóknarvinnu til að kynna sér hvað felst í útikennslu.



Tækifæri til umbóta: Það sem mætti betur fara er að vera með áframhaldandi tíma í útikennslu þannig að hvert og eitt barn fari að minnsta kosti einu sinni í viku í útkennslu. Þrátt fyrir að hafa ekki haft markvissa útkennslu á vorönn voru börn og starfsfólk mjög duglegt að fara í ferðir.

Tónlist: Markmiðið með föstum tónlistartímum var að kynna fyrir börnunum mismunandi tegundir hljóðfæra og tónlistar. Einnig að hægt væri að horfa á tónlist og teikna hana.

Styrkleikar: Það voru þrjú starfsmenn sem skiptu með sér tónlistartímum þannig að börnin fengu mismunandi áherslur í tímum. Teljum við að það hafi skipt sköpum í að halda áhuga barnanna við tónlistina.

Tækifæri til umbóta: Það sem mætti betur fara væri einna helst að starfsfólk myndi halda áfram og þróa það sem búið er að vinna með. Ekki bara nota hljóðfæri í sérstökum tónlistarstundum, heldur einnig t.a.m. í samverustundum eða jafnvel í útiveru.

Deildarfundir: Stefnt var á að hafa deildarfundir annan hvern fimmtudag/ á móti Álfhóli.

Styrkleikar: Það var mjög mikilvægt að geta sest niður og rætt þau málefni sem þurfti hverju sinni. Eins og eftir foreldraviðtöl eða áður en við færum í einhver stærri verkefni.

Tækifæri til umbóta: Það gekk aðeins betur þetta skólaár að halda deildarfundunum en ekki alveg eins og við settum upp með. Þar sem aldurinn á deildinni verður yngri næsta skólaár er möguleiki að finna nýjar leiðir til að finna tíma.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR Sólskinsbærjar 2023-2024	Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt?	Aðgerðir til umbóta Hvernig framkvæmum við það?	Ábyrgð Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Deildar-fundir	Að fundir séu einu sinni í viku, stuttir, hnitmiðaðir ca. 30 mín.	Báðar deildar með fund, annar kl: 10:00 hinn kl:12:30	Deildarstjó- rar	Sept 2023	Ágúst 2024	Deildarstjóri og starfsmenn meta deildar- fundi tvisvar yfir skólaárið. Skoða hvað gengur vel og hvað mætti betur fara.	Starfs- ánægja og hvernig gengur að fara eftir því sem ákveðið er á deildarfund- um.
Samveru- stundir	Ávallt tvískipt samveru- stund að morgni.	Tveir starfsmenn ábyrgir eina viku í einu og tveir til aðstoðar.	Starfsmaður sem á að sjá um stundina og deildar- stjóri. Farið eftir áætlun sem deildarstjóri hefur gert.	Sept 2023	Ágúst 2024	Deildarstarfs- menn meta á deildarfund- um. Taka saman hvað gengur vel og hvað mætti betur fara.	Áhugi og framfarir barnanna á samveru- stundum
Sköpun	Að börnin fái tækifæri til að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika.	Skipta börnunum í litla hópa. Skapa örvandi aðstæður, nýta tækifæri sem upp koma og áhuga barnanna hverju sinni. Muna að sköpun er margskonar.	Deildarstjóri og deildarstarfs- menn.	Sept 2023	Ágúst 2024	Umræða og skráning á deildarfund- um. Skráningar.	Matstæki, „Gátlisti fyrir leikskóla“ og umræða á deildarfund- um.
Að nýta umhverfið sem þriðja kennarann	Dugleg að skipta út/bæta við efnivið. Skapa áhugaverð leikrými innan deildarinnar.	Erum vakandi fyrir áhuga og þörfum barnanna/deil- darinnar. Skiptum út efnivið, að hann sé aðgengilegur og sköpunum fjölbreyttar leikaðstæður.	Deildarstjóri ber ábyrgð og hann og deildarstarfs- menn fram- kvæma	Sept 2023	Ágúst 2024	Metið á deildar- fundum. Skráningar.	Skráningar, skoðaðar á deildarfund- um



Frjálsi leikurinn – opinn efniviður	Að leikurinn fái aukinn tíma í dagskipulagi, barnið fái tækifæri til að læra og efla sjálfstæði og félagsfærni í gegnum leikinn.	Að leikur barnanna sé ekki brotinn upp, skapa umhverfi þar sem börnin geta leikið í litlum hópum án truflunar, starfsmaður sé á gólfinu, leiðbeini og aðstoði börnin að komast í og auðga leikinn. Fjölbreyttur efniviður.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Sept 2023	Mai 2024	Ljósmynda-skráningar. Umræða á deildarfundum.	Bera saman skráningar frá haustönn og vorönn. Fylla inn í „Gátlisti fyrir leikskóla“ félagsfærni þáttinn.
Skráningar	Halda áfram að virkja starfsfólk í að gera skráningar. Það auki færni sína.	Deildarstjóri leiðbeini og starfsmenn aðstoði hvern annan. Fylgjast með börnunum í leik og starfi, grípa dýrmæt augnablik.	Starfsfólk og deildarstjóri .	Sept 2023	Ágúst 2024	Starfsfólk skoði og beri saman skráningar sem það hefur gert, nýjar/eldri. Velji sér skráningu til að kynna á deildarfundum, 1-2 yfir skólaárið. Starfsmaður geri skráningu að eigin frumkvæði.	Hver og einn starfsmaður skrái hjá sér hvernig honum gekk og hvað mætti betur fara, hvað er hægt að gera til að betri árangur náist.
Flæðilestur	Fylgjast með málþroska hvers barns.	Nýta okkur „Hæfnisrammar í íslensku fyrir fjölyngd börn í leikskóla“. Fyrir þriggja ára og eldri. Skipulagðar málörvunarstundir	Deildarstjóri og deildarstarfs-menn.	Sept 2023	Mai 2024	Förum yfir lista og skoðum hvort framfarir hafa orðið.	Skráum hjá okkur hvernig okkur finnst listarnir nýtast fyrir þennan aldur.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Við skipulag sérkennslu er menntun án aðgreiningar höfð að leiðarljósi auk snemmtækrar íhlutunar. Lögð er áhersla á þarfir og þroska hvers barns, svo hvert þeirra fái notið sín á eigin forsendum. Geti tekið þátt í því starfi sem fram fer í leikskólanum og eigi hlutdeild í barnahópnum.</p> <p>Ávallt er byggt á faglegum rökum þegar meta á þörf á einstaklingsþjálfun. Þar er notast við markvissar skráningar til að halda utan um vinnuna og framfarir hjá barninu.</p> <p>Einstaklingsnámskrár eru unnar út frá gögnum frá fagaðilum sem og öðrum athugunum sem fara fram í leikskólanum t.d. TRAS, APES o.fl. auk þess er unnið með styrkleika og áhugsvið barnanna. Leikurinn er aðalnámsleið barna á leikskóla aldri og miðast snemmtæk íhlutun út frá því. Megin áhersla er á að unnið sé að markmiðum í einstaklingskrám inni á deild í barnahópnum. Skráningar eru einnig gerðar í almennu starfi t.d. atferlisskráningar, færniskráningar og tíðniskráningar varðandi hegðun.</p> <p>Gefðu 10 er notað með fjöltyngdum börnum á deildum auk þess fá þau málörvunarstundir tvisvar til þrisvar í viku ca 15-30 mín. Stuðst er við Orðaforðalistann.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>TRAS er tekið á öllum börnum og sjá deildarstjórar um að fylla hann út. Farið er yfir listann í foreldraviðtölum og eru viðeigandi íhlutun og úrræði unnin í samstarfi við foreldra ef þörf krefur. Einnig er farið yfir gátlistann um Sjálfmynd og félagsfærni (SFS) í foreldraviðtölum. Hljóm-2 er lagt fyrir elsta árgang skólans í ágúst/sept. Ef þau koma slök út úr þeirri skimun er markvisst unnið með þau börn og þau skimuð aftur í feb/mars. EFI-2 málþroskaskimun er lögð fyrir öll 3-4 ára börn. Börn sem eru með fjármagn eru með einstaklingsnámskrár. Einstaklingsnámskrár eru unnar út frá atferlisíhlutun, ABLLS-R, APES færnimatslista auk gagna frá öðrum fagaðilum.</p>



	Jafnframt er stuðst við Orðaskil, Smábarnalistann og Íslenska þroskalistann þegar meta á þroska og framfarir barnanna.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmiskonar námsgögn eru notuð til að vinna út frá markmiðum í einstaklingsnámskrám bæði aðkeypt og heimagerð s.s. Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull, Ljáðu mér eyra (bók og stokkar), ABLLS-R skill acquisition program manual og verkefni frá Fjölbreyttum kennsluáferðum. Margskonar spil til að vinna með málþroska, fjölbreyttar bækur og ýmis kennslugögn. Einnig nýttun við vel upplýsingar og fræðslu frá Austurmiðstöð, lærdómssamfélagi sérkennslustjóra og Miðju máls og læsis (MML).

Endurmat umbóta 2022 - 2023

Halda betur utan um þau börn sem efla þarf ákveðna þroska þætti hjá:

Í upphafi haustsins ræddi sérkennslustjóri við alla deildarstjóra. Farið var yfir barnahópin og stuðningsþörf metinn. Deildarstjórar sáu um að setja saman málörvunarhóp með þeim börnum sem á þurftu að halda. Auk þess voru einstaklingsnámskrár unnar út frá ofangreindum gögnum. Janúar 2023 var aukinn prósentu (ca 12,5%) sett inn í sérkennsluna til að efla markvissa vinnu með fjöltyngdum börnum. Sérkennsluteymi var stofnað og kom saman hálfmánaðarlega, klukkustund í senn. Í teyminu voru ásamt sérkennslustjóra, þeir starfsmenn sem sinnt hafa sérkennslu á deildum. Teymisfundir gengu vel þó að nokkrir fundir hafi fallið niður. Starfsmenn höfðu góðan styrk af hvorum öðrum og fengu tækifæri til að spegla sig og viðfangsefni sín í öðrum fagaðilum. Vinna við að taka saman efni og skráningarblöð er vel á veg komin. Sú vinna verður áfram og áætlað er að búa til góðan gagnagrunn sem einfaldar aðgengi að margskonar gögnum s.s. fræðslugögn, hagnýt ráð og ýmiskonar skráningarblöð.

Tækifæri til umbóta:

Fara yfir það efni sem er komið og bæta við.

Aðkoma sérkennslustjóra á deildarfundum:

Sérkennslustjóri og sérkennsluáðili sátu nokkra deildarfundum og komu með innleg/ráðgjöf fyrir deildarstarfsmenn þegar óskað var eftir því.

Tækifæri til umbóta:

Sérkennslustjóri eða aðrir starfsmenn í sérkennslu, komi í samráði við deildarstjóra einu sinni á önn á deildarfundum t.d. með stutta fræðslu, örfyrirlestra eða kveikjur. Markmiðið er að mynda sterkari tengsl við deildar, starfsmenn og starfið auk þess að virkja betur Læsisáætlun leikskólans.



Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbótanna	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsisáætlun/læsi- steymi	Að læsisáætlun sé virk og unnið sé eftir henni.	Að allir starfsmenn kynni sér læsisáætlun og skoði hvort unnið sé að markmiðum.	Sérkennslustjóri/Læsi- steymi leikskólans og Deildarstjórar	Haut 2023	Vor 2024	Fara yfir gátlista á deildarfundum að haust og að vori.	Að starfsmenn þekki markmið læsisáætlunar.
Sérkennslustjóri/starfsmenn í sérkennslu komi a.m.k. einu sinni á önn á deildarfund með fræðslu/örfyrirlestra	Efla fagvitund starfsmanna og nýta mannauðinn.	Mynda sterkari tengsl við deildar, starfsmenn og starfið.	Sérkennslu-stjóri og deildarstjórar	Haut 2023	Vor 2024	Skráning og samtal við deildarstjóra í lok annar.	Markvissarfræðsla og aukin fagvitund.
Bæta skráningar á vinnulagi og framförum sérkennslubarna	Auka yfirsýn	Sérkennsluaðilar fari yfir þau gögn sem notuð eru til skráningar á vinnulag/viðfangsefnum og skráningum á framförum	Sérkennslustjóri	Haut 2023	Vor 2024	Í samráði sérkennsluteymis.	Betri yfirsýn yfir viðfangsefni og markvissari vinna með sérkennslubörn.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Starfshlutfall í sérkennslu var aukið um 12,5 % til að sinna markvissari málörvun fyrir fjöltyngd börn.	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Gefðu-10 er notað á öllum deildum. Starfsfólk er meðvitað um að setja orð á athafnir daglegs lífs í sem flestum aðstæðum t.d. fataklefa, matsal, gönguferðum o.sfrv. Til að byggja upp og dýpka orðaforða er orðaforðalistinn hafður til hliðsjónar.	
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundir eru tvisvar til þrisvar yfir daginn þar er áhersla á lestur/flæðilestur, umræður, söng, frásögn og tjáningu. Unnið er með fjölbreyttan orðaforða og hann útvíkkaður í umræðum, orð eru m.a. útskýrð. Fundin eru samheiti/andheiti og unnið með alla þætti hljóðkerfisvitundar.	
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfniramar eru notaðir til að meta hvar barnið er stadd í íslensku. Deildarstjórar fylla inn í Hæfniramma tvisvar á ári. Gerðar eru einstaklingsáætlanir þegar við á. Auk þess eru viðfangsefni og framfarir skráðar í málörvunarstundunum.	
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Áhersla er á virkra þátttöku fjöltyngdra barna í leik. Allir þættir máls eru hafðir í huga þar á meðal hljóðkerfisvitund. Við vinnum með vináttuverkefnið Blæ, Leikur að læra og TMT er notað á öllum deildum. Jafnframt eru áhuga svið og styrkleikar einstaklingsins ávallt hafðir í huga og litið er á barnið sem sterkt og getu mikið.	

Að læsisteymi leikskólans geri áætlun um vinnu með fjöltyngd börn:

Okkur tókst ekki að uppfylla þennan umbótaþátt. En starfshlutfall í sérkennslu var aukið um 12,5 % til að sinna markvissari málörvun fyrir fjöltyngd börn, sem gafst mjög vel. Þjóðfánar barnanna eru sýnilegir fyrir framan deildir en nauðsynlegt er að yfirfara og efla fjöltyngisstefnu leikskólans.

Tækifæri til umbóta:

Setja saman virkt læsisteymi sem kemur saman í byrjun haustannar, fer yfir læsisáætlunina og setur niður markmið og leiðir í vinnu með fjöltyngdum börnum (sjá umbótaþátt sérkennslu 2023-2024 hér að ofan).



Veggspjöld og verkefni til að auðvelda vinnu með fjöltyngdum börnum:

Unnin voru tvö veggspjöld út frá Orðaforðalistanum. Stefnt er að því að vinna fleiri plaggöt. Skoða þarf betur Hæfnirammanna með verkefni sem efla m.a orðaforða fjöltyngdra barna í huga.

Tækifæri til umbóta:

Halda áfram að vinna plaggöt út frá Orðaforðalistanum og fara yfir Hæfnirammanna.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	
Hæfnirammur	Að Hæfnirammur séu notaðir til meta stöðu og framfarir	Fara yfir hæfnirammanna og útbúa efni/verkefni sem nota má í vinnu með fjöltyngd börn	Læsisteymi leikskólans		Haust 2023	Vor 2024	Hæfnirammur fylltir út að hausti og að vori	Markvissari vinna með fjöltyngd börn.
Vinna með fjöltyngd börn í daglegu starfi.	Að auka vikni deilda í vinnu með fjöltyngd börn.	Samræma á milli deilda hvaða þættir í þema mánaðarins skal vinna með. Áhersla á sömu orðflokka sem unnið er með á sama tíma yfir allt húsið.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar.		Haust 2023	Mái 2024	Á deildarfundum í lok hvers þema-tímabils.	Markvissari vinna í að auka orðaforða fjöltyngdra barna.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á þessu starfsári ætlum við að halda snerpusamtölum áfram. Snerpusamtöl eru fjögur stutt samtöl yfir veturinn sem standa yfir í ca. 15-20 mínútur hvert. Umræðuefni snerpusamtala er styrkleikar og hæfileiki, starfsandi, þjálfun og starfsþróun, tækifæri til vaxtar, nýsköpun og stöðugar framfarir. Deildarstjórar taka snerpusamtöl við sína deildarstarfsmenn og Sérkennslustjóri tekur snerpusamtöl við starfsmenn sem sinna sérkennslu innan leikskólans.

Leikskólastjóri tekur starfsþróunarsamtöl við deildarstjóra, starfsmenn, aðstoðarleikskólalastjóra og sérkennslustjóra. Fyrir hvert samtal fá starfsmenn umræðuefni og spurningar og hafa því tíma til að undirbúa sig og ef allir koma vel undirbúnir í samtalið þá ætti samtalið að fara fram innan skilgreinds tímaamma. Fundir og samtöl við nýja starfsmenn fara fram á fyrstu þrem mánuðum í starfi. Þar er farið yfir móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn, þjálfun, hvatningu og líðan á vinnustað og þeir hvattir til að horfa á kynningarefni inni á Fróða um móttöku fyrir nýja starfsmenn. Það er í höndum leikskólalastjóra og aðstoðarleikskólalastjóra að halda utan um móttöku og móttökuáætlun ásamt deildarstjórum. Deildarstjórar eru jafnframt með leiðbeiningar- og hvatningarsamtöl við nýja starfsmenn.

Fræðsla starfsárið 2022-2023

- Fjórir starfsmenn sóttu námskeið á vegum Austurmiðstöð í náttúrulegri kennsluáðferð í átt að jákvæðri hegðun.
- Trúnaðarmenn stéttarfélaganna innan leikskólans sóttu fræðslu.
- Tveir starfsmenn sóttu ráðstefnu hjá Ráðgjafa og greiningastöð ríkisins.
- Tveir starfsmenn sóttu ráðstefnu um Downs heilkenni.
- Fyrirlestur frá Miðja máls og læsis um mikilvægi málörvunar hjá leikskólabörnum.
- Sérkennslustjóri tók þátt í lærdómssamfélagi á vegum Skóla og frístundasviðs.
- Þrjú starfsmenn sóttu námskeið í TMT, tákni með tali.
- Elstu nemendur leikskólans tóku þátt í verkefni á vegum Grasagarðsins í Laugardal „sofnað að hausti og vaknað að vori“.
- Einn starfsmaður stundar leikskólalíðanám á vegum Mímir-símenntun.
- Á skipulagsdegi fengum við kynningu og fræðslu á Downs heilkenni.
- Á skipulagsdegi fengum við námskeið um hvernig eigi að setja sér mörk.
- Einn starfsmaður kláraði B.Ed. nám í leikskólakennarafræðum við Háskólann á Akureyri.
- Þrjú starfsmenn sóttu grunn námskeið um Myndrænt boðskiptakerfi PECS.
- Tveir starfsmenn sóttu framhalds námskeið um Myndrænt boðskiptakerfi PECS.
- Einn starfsmaður stundar nám við Háskólann á Akureyri í Sálfræði.
- Aðstoðarleikskólalastjóri kláraði forystunám á vegum Reykjavíkurborgar.
- Aðstoðarleikskólalastjóri sótti námskeið „Leiðtogar til framtíðar er teymið“ á vegum Reykjavíkurborgar og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Aðstoðarleikskólalastjóri tók þátt í þróunarverkefni Austur-miðstöð um innra mat í leikskóla.
- Námsferð til Brighton, fræðsla um Reggio Emilia og Yoga og Mindfulness fyrir börn



Áherslur og símenntun starfsárið 2023-2024

- Fræðsla um KCNB1 gen frá Ráðgjafa og greiningastöð ríkisins.
- Fræðsla um Flogaveiki.
- Fræðsla um Myndrænt boðskiptakerfi PECS.
- Námskeið sem verða í boði hjá Skóla- og frístundasviði sem hentar okkar starfi og okkar vinnu við innleiðingu Menntastefnunnar.
- Teymisfundir innan leikskólans.
- Námskeið og fræðsla um Reggio Emilia.
- Námskeið, fyrirlestrar og fræðsla um Náttúrulega kennslu.
- Starfsfólk verði duglegt að sækja sér endurmenntun.
- Sérkennslustjóri ætlar að sækja sér réttindi vegna úrvinnslu á Íslenska þroskalistanum og Smábarnalistanum.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Markmið samstarfs Borgaskóla, Hulduheima og Hvergilands miðar að því að auðvelda börnunum flutninginn af fyrsta skólastiginu yfir á annað. Elstu börnin í leikskólanum Hulduheimum eru flest væntanlegir nemendur í Borgaskóla og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnst starfinu í skólanum og aðstæðum. Einnig er það skemmtilegt fyrir nemendur í fimmta bekk að fá það hlutverk að vera skólavinir væntanlegra nemenda í fyrsta bekk. Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru.

Síðastliðið starfsár gekk samstarfið við Borgaskóla mjög vel og gekk áætlunin upp allt nema leiksýning sem átti að vera í desember var ekki fyrr en í mars. Hér fyrir neðan er áætlunin sem var gerð fyrir starfsárið 2022-2023 og komum við til með að halda áfram á sömu braut með samt nokkrum smávægilegum breytingum sem okkur finnst að þurfi að laga.



Skipulag sem kemur frá Borgaskóla:

September

- Starfsmaður frá Borgaskóla fer í leikskólana og kynnir sig.
- Leikskólanemendur koma að skoða skólabygginguna og hitta skólastjóra.

október

- 5. bekkur fer í heimsókn í leikskólana að sýna skólatöskurnar sínar, verða mögulega eitthvað með krökkunum í frjálsum leik.
- Leikskólanemendur koma í heimsókn í fyrsta bekk og fá að taka þátt þar, borða ávexti og fara í frímínútur þar sem 5. bekkur verður með leiki fyrir þau sem vilja.

nóvember

- Leikskólanemendur koma í heimsókn á bókasafnið, fá smá fræðslu þar og sögustund. Síðan fara þau út í frímínútur þar sem 5. bekkur verður með leiki fyrir þau sem vilja.
- 16. nóvember er dagur íslenskrar tungu þar sem 5. bekkur fer í heimsókn á Hulduheima og Hamra og les fyrir öll börn leikskólana (skipt niður á deildir).

desember

- Leikskólanemendum verður boðið að koma og sjá leiksýningu (sjáum aðeins til með þetta, leikskólarnir eru með mikið skipulag í desember)

janúar

- Leikskólanemendur koma í heimsókn í textílstofuna og hitta textílkennara og fá smá fræðslu um ýmis verkefni, tæki og tól sem notuð eru þar. (Allar heimsóknir eftir áramót enda á frímínútum ef það passar inn í tímasetningu heimsókna þar sem 5. bekkur sér um leiki)

febrúar

- Leikskólanemendur koma í heimilisfærði, taka þátt í verkefnum sem heimilisfræðikennari skipuleggur. (Allar heimsóknir eftir áramót enda á frímínútum ef það passar inn í tímasetningu heimsókna þar sem 5. bekkur sér um leiki)



mars

- Leikskólanemendur koma í Tónmennt (hálfan tíma) og íþróttir (hálfan tíma) og fá að taka þátt í því sem verður á dagskrá þar. (Allar heimsóknir eftir áramót enda á frímínútum ef það passar inn í tímasetningu heimsókna þar sem 5. bekkur sér um leiki)

apríl

- Leikskólanemendur koma í heimsókn í smíðastofuna þar sem þau fá verkefni til að vinna. (Allar heimsóknir eftir áramót enda á frímínútum ef það passar inn í tímasetningu heimsókna þar sem 5. bekkur sér um leiki)

maí

- Leikskólanemendur koma í heimsókn í myndmenntarstofuna og fá að taka þátt í verkefnum þar. (Allar heimsóknir eftir áramót enda á frímínútum ef það passar inn í tímasetningu heimsókna þar sem 5. bekkur sér um leiki)
- Þrjár heimsóknir í Frístundaheimilið Hvergiland



8 Foreldrasamvinna

Samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008, skal vera starfandi foreldraráð við hvern leikskóla.

- Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú fulltrúar.
- Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu í foreldraráð.
- Foreldrar kjósa fulltrúa sína í foreldraráð í september ár hvert til eins árs í senn.
- Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði.
- Foreldraráð setur sér sjálft starfsreglur. Á foreldrafundi leikskólans í september er kosið í foreldraráð og foreldrafélag, en nú starfa þrjú fulltrúar í ráðinu og fimm fulltrúar í félaginu.

Haldnir hafa verið um 3 - 4 fundir á ári eða eftir þörfum og er umsögn gefin með starfsáætlun fyrir lok júní ár hvert. Einn fulltrúi í foreldraráði situr í áfallaráði leikskólans.

Hlutverk foreldraráðs

Foreldraráð skal gefa umsagnir til leikskólans og skóla- og frístundaráðs um:

- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans Samkvæmt leikskólalögum ber skóla- og frístundaráði að samþykkja skólanámskrá og starfsáætlun leikskóla. Til að hægt sé að leggja þær fyrir ráðið þarf umsögn foreldraráðs að liggja fyrir.

Foreldraráð skal fylgjast með:

- Framkvæmd skólanámskrár
- Framkvæmd annarra áætlana innan leikskólans
- Að skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir leikskólans séu kynntar fyrir foreldrum.

Sent hefur verið undanfarin ár til foreldra barna Hulduheima kynningu á starfi leikskólans í stað þess að boða foreldra á haustfundi þar sem mjög dræm þátttaka hefur verið á þá fundi. Inni á heimasvæði leikskólans hjá Reykjavíkurborg er kynningarmyndband um starf okkar í Hulduheimum. Það hefur einnig komið fram sú hugmynd að gera kynningarmyndband um starfið sem síðan verður sent til foreldra, sett á facebook síðu leikskólans þar sem sýnt er í máli og myndum hvað við erum að gera og hvað við leggjum áherslu á. Það hafa verið vangaveltur um það hjá okkur hvað við getum gert til að allir foreldrar/forráðamenn séu upplýstir um starf leikskólans, þar sem mæting á foreldrafundi hefur verið ansi dræm. Með því að hafa sýnilegt kynningarmyndband um starfið og áherslur leikskólans geta foreldrar/forráðamenn skoðað myndbandið þegar þeim hentar. Verður þetta skoðað út frá stefnu Reykjavíkurborgar hvað heimasíður varðar. Foreldrasamtöl eru tvö á ári, í október og í mars. Foreldrasamtöl eru oftast ef foreldrar óska eftir því eða ef ástæða þykir til. Við höfum það fyrir reglu að halda alltaf fund og samræma aðgerðir heima og í leikskólanum ef eitthvað kemur uppá sem þarf að skoða betur því það er ósk okkar að samstarf milli heimilis og skóla sé eins og best verður á kosið. Boðað er til annars fundar eftir 3 – 4 vikur og málinu lokað eða framhald ákveðið. Þetta fyrirkomulag hefur reynst einstaklega vel. Jólaverkstæði er búið að festa sér sess inn í okkar leikskólabrag og mun það verða 23. nóvember næstkomandi. Foreldradagar verða 8. og 9. apríl. apríl 2024 og þá gefst foreldrum kostur á að taka þátt í daglegu starfi með börnum sínum og starfsmönnum. Foreldrafélag var stofnað í leikskólanum 1997 og er enn starfandi við leikskólann. Allir foreldrar fá afhent eyðublað um markmið og störf foreldrafélagsins í fyrsta viðtali. Foreldrafélagið er með sína verkefnaáætlun og



haldnir eru fimm til sex fundir yfir skólaárið og oftár ef þurfa þykir. Formaður í samráði við stjórn, skilar inn ársskýrslu og gjaldkeri skilar inn uppgjöri eftir hvert skólaár, yfirleitt að hausti.

Þegar erlendir foreldrar byrja með barn í leikskólanum þá er fenginn túlkur til að fara yfir starfsemi leikskólans, undirskriftir, upplýsingagjöf og hvernig aðlögun er háttað ef þess er óskað. Ef þörf þykir þá er túlkur fenginn á meðan þátttökuaðlögun stendur yfir. Túlkur kemur einnig þegar foreldrasamtöl eru þar sem farið er yfir nám og þroska, mál og læsi, og hvernig við byggjum upp stuðning við móðurmál barns og íslensku, en öll börn í leikskólanum sem eru af erlendum uppruna og tvítyngd fá reglulega málörvunarkennslu í leikskólanum.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru sex á ári og verður leikskólinn lokaður allan daginn þessa daga. Skipulagsdagarnir nýtast í faglega umræðu, fyrirlestra, námskeið, vinnu við áætlanagerðir, starfsmannafundi, deildarfundi, endurmat og skipulagningu.

Skipulagsdagar starfsárið 2023 - 2024

- Mánudaginn 4. september 2022. Fræðsla um Myndrænt boðskiptakerfi PECS. Einnig verður starf vetrarins skipulagt.
- Föstudaginn 24. nóvember 2023. Sameiginlegur skipulagsdagur í Reykjavík – austur, Námskeið/fyrirlestur/fræðsla.
- Mánudagur 8. janúar 2024. Námskeið/fyrirlestur/fræðsla.
- Þriðjudagur 6. febrúar 2024. Dagur leikskólans. Sameiginlegur skipulagsdagur í Reykjavík – austur.
- Miðvikudaginn 10. apríl 2024. Námskeið/fyrirlestur/fræðsla.
- Föstudaginn 17. maí 2024. Sameiginlegur skipulagsdagur í Reykjavík – austur.
- Sjá nánar leikskóladagatal 2023 - 2024 fylgiskjal 10.2.



10 Fylgigögn

10.1 leikskóladagatal 2023- 2024

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L
2 M	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M
4 F	4 M	4 Þ	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ
5 L	5 Þ	5 S	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M
6 S	6 M	6 F	6 M	6 L	6 Þ	6 S	6 M	6 L	6 M	6 F
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 Þ	8 S	8 M	8 F	8 L	8 Þ
9 M	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 Þ	9 M	9 F	9 S
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M
11 F	11 M	11 Þ	11 F	11 S	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ
12 L	12 Þ	12 S	12 F	12 S	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 M
13 S	13 M	13 Þ	13 F	13 M	13 L	13 Þ	13 S	13 M	13 F	13 Þ
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F
15 Þ	15 S	15 M	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 L	15 Þ
16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F	16 S	16 Þ	16 F
17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 F	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M
18 F	18 M	18 Þ	18 F	18 S	18 F	18 L	18 S	18 M	18 F	18 M
19 L	19 Þ	19 S	19 F	19 S	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 L	19 Þ
20 S	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 L	20 Þ
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F
22 Þ	22 S	22 M	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 L	22 Þ
23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F	23 S	23 Þ	23 F
24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 S	24 F	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M
25 F	25 M	25 Þ	25 F	25 S	25 F	25 M	25 F	25 S	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 S	26 F	26 M	26 L	26 Þ	26 S	26 M	26 F	26 M
27 S	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 L	27 Þ
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F
29 Þ	29 S	29 M	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 L	29 Þ
30 L	30 Þ	30 S	30 F	30 M	30 L	30 Þ	30 S	30 M	30 F	30 S
31 F	31 M	31 Þ	31 F	31 S	31 F	31 M	31 F	31 S	31 Þ	31 F

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðin af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Stefna skóla- og frístundaviðs er að í hverju hverfi leitist skólustjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma a.m.k. þrjú starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.



10.2 – Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Hulduheima hefur mótttekið og lesið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2023-2024. Starfsáætlunin er ítarleg, nákvæm og í samræmi við einkunnarorð sem og stefnu leikskólans.

Það er bæði mjög miður og óskiljanlegt að sjá hversu fáir starfsmenn tóku þátt í starfsmannakönnun leikskólans nú þriðja árið í röð. Það virðist almennt vera góður starfsandi í starfsmannahópnum og ekki mikil starfsmannavelta í leikskólanum, því veltur foreldraráðið því fyrir sér hvað hindrar þessa svörun. Leikskólastjóri kemur með góða tillögu fyrir betri svörun starfsmanna á næstu starfsmannakönnun og bindur foreldraráðið nú miklar vonir um betri svörun á næsta ári.

Endurmat umbótáætta fyrir veturinn 2022-2023 er sýnilegt og tillögur til umbóta góðar og skilmerkilegar. Foreldraráðið er einróma sammála leikskólastjóra með að vinna betur með Reggio Emilia stefnu leikskólans og þeim tillögum sem lagðar eru fram til þess að ná betur fram áhrifum þeirrar stefnu á bæði starfsfólk og börn leikskólans. Það er jafnframt gleðilegt að heyra af þátttöku leikskólans í þróunarverkefni og rannsókn með náttúrulega kennslu og verður gaman að sjá þá vinnu skila sér inn í verklag og starf leikskólans á komandi starfsári.

Eins og áður eru áætlaðir skipulagsdagar á komandi starfsári samtals 6 heilir dagar og dreifast þeir nokkuð jafnt yfir skólaárið. Af þeim 6 áætluðum skipulagsdögum eru 3 dagar sameiginlegir með öðrum leik- og grunnskólum í hverfinu. Foreldraráðið er ánægt með að sjá skemmtilega dagskráliði á skóladagatalinu í bland við þessa hefðbundnu árstíðartengdu dagskráliði sem krakkarnir, jafnt og við foreldrarnir, erum svo hrifin af.

Foreldraráðið er ákaflega ánægt með samstarf Borgarskóla, Hvergilands og Hulduheima og hafa nokkrir foreldrar elstu barnanna á Sjónarhóli lýst mikilli ánægju við foreldraráðið með samstarfið í ár. Foreldraráðið telur þetta samstarf bæði sjálfsefandi fyrir börnin og mikil hvatning fyrir þau fyrir komandi grunnskólaár þeirra. Auk þess hefur foreldraráðið trú á að þetta auðveldi börnunum yfirfærsluna úr leikskóla yfir í grunnskóla.

Það er alltaf mjög gaman að lesa niðurstöður barnanna sjálfra í innra mati á starfi leikskólans. Þeirra einstaklega einlæga, hreinskilna og beinskeytta svörun gefur okkur foreldraráði mikla innsýn í þeirra upplifun og sýnir okkur skoðun þeirra á hinu daglega lífi þeirra í leikskólanum. Foreldraráð hvetur leikskólann eindregið til þess að hafa fleiri slíkar kannanir meðal barnanna og jafnvel deila svörum með foreldrum öðru á hvoru. Það er greinilegt að veður og vindar stöðva ekki litla káta kroppa frá útiveru í leikskólanum og erum við ánægðar með stefnu leikskólans að iðka útiveru í öllum veðrum. Börnin eru ávallt glöð og kát þegar á útiveru stendur.

Starfsáætlun leikskólans fyrir komandi starfsár er í senn skýr og kappsfull og hlakkar foreldraráðið mikið til að fylgjast með starfi leikskólans á komandi starfsári 2023-2024. Síðasta starfsár var mjög ánægjulegt og gott að sjá að lífið í leikskólanum er að færast aftur í fastar skorður. Á þessu liðna skólaári var hægt að bjóða foreldrum í heimsóknir í leikskólann, bæði á viðburði leikskólans sem og viðburði á vegum foreldrafélags leikskólans, en það hefur því miður verið mjög takmarkað síðustu 2 ár vegna covid takmarkanna. Það var einkar ánægjulegt að sjá góða svörun foreldra í foreldrakönnuninni í ár og gaman að sjá hvað foreldrum líður vel með skipulagt skólastarf sem og stjórnun leikskólans. Foreldraráðið er sammála því að það megi kynna stefnu leikskólans betur fyrir foreldrum barna í leikskólanum, sérstaklega þar sem starfsmenn leikskólans ætla að vinna markvissara með stefnuna á komandi starfsári.



Foreldraráðið vill að lokum lýsa yfir mikilli ánægju sinni með starfsfólki leikskólans og vinnu þeirra á liðnu skólaári. Einnig viljum við lýsa yfir gífurlegri ánægju með ráðningu nýs leikskólastjóra, Ingu Birnu Sigurðardóttur, enda hefur hún bæði sýnt sig og sannað í sínu góða starfi á leikskólanum sem og í afleysingu fyrrverandi leikskólastjóra síðustu misseri á Hulduheimum.

Að lokum vill foreldraráðið þakka fyrir sérlega skemmtilegt og fjölbreytilegt skólaár og erum við full tilhlökkunar fyrir komandi starfsári.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Karítas Dan Þórarinsdóttir

Bergþóra Guðnadóttir

Ylfa Sigprúðardóttir

F. h. leikskólans Hulduheima

Inga Birna Sigurðardóttir

30.06.2023

Leikskólastjóri

Dagsetning



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkenntu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulags dagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.



- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



